



Ársskýrsla 2020



MENNINGARMIÐSTÖÐ
HORNAFJARÐAR

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Ritstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Texti: Eyrún Helga Ævarsdóttir
Halldóra Jónsdóttir
Gísli Magnússon
Sigríður Guðný Björgvinsdóttir
Árdís Erna Halldórsdóttir

Myndir: Starfsmenn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Útgefandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði
Sími: 4708050
Útgáfa: Apríl 2021

Efnisyfirlit

Formáli	4
Atvinnu- og menningarmálanefnd	5
Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins	5
Styrkir	6
Stefnumótun	6
Stöðugildi og starfsmenn	6
Húsnæði Menningarmiðstöðvarinnar	7
Samstarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar	7
Verkefni Menningarmiðstöðvarinnar	7
Listasafn Svavars Guðnasonar	11
Byggðasafn	19
Rannsóknarsvið	21
Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu	24
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	27
Atvinnu- og ferðamál	30
Viðauki 1.....	33
Rekstrar- og verkefnastyrkir	33
Viðauki 2.....	35
Mikligarður.....	35
Viðauki 3.....	38
Söfnunarstefna.....	38
Viðauki 4.....	45
Sýningarstefna	45
Viðauki 5.....	47
Umfjöllun	47
Viðauki 6.....	54
Samningur	54
Viðauki 7.....	60
Fjárhagur	60

Formáli

Menningarmiðstöð Hornafjarðar er staðsett í Nýheimum og samanstanda Nýheimar af ólíkum stofnunum. Á efri hæð Nýheima er Framhaldsskóli í Austur-Skaftafellssýslu með aðsetur en á neðri hæð Nýheima er Náttúrustofa Suðausturlands, Fræðslunet Suðurlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands, Nýheimar þekkingarsetur, Vatnajökulspjóðgarður, verkefnastjóri fjölmennigarmála sveitarfélagsins og Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Einnig eru leigðar út skrifstofur til sjálfstætt starfandi frumkvöðla og þá má finna í húsinu nemendaaðstöðu sem háskólanemar fá afnot af.

Starfssvæði stofnunarinnar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Stofnunin varð til árið 1990 með sameiningu nokkurra safna. Heiti hennar var upphaflega Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu en breyttist árið 2001 í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Árið 2020 voru atvinnu- og ferðamál sameinuð Menningarmiðstöð Hornafjarðar og því er Menningarmiðstöðin nú miðstöð menningar-, atvinnu-, og ferðamála í sveitarfélaginu.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum, bókasafnslögum, lögum um opinber skjalasöfn og siðareglum ICOM. Einnig starfar stofnunin eftir siðareglum og viðmiðum sem höfuðsöfn setja um starfsemi safna, varðveislu og meðferð muna. Innan Menningarmiðstöðvarinnar eru starfrækt sex söfn ásamt atvinnu-, ferða- og rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar. Söfnin eru byggða-, sjóminja-, náttúrugripa-, lista-, bóka-, héraðsskjala-, náttúrugripa- og sjóminjasafn og innan Menningarmiðstöðvarinnar eru sex og hálf stöðugildi.

Sýningar á vegum safnanna eru mikilvægur þáttur í safnastarfinu og hér leggjum við áherslu á sérstöðu Hornafjarðar og þess samfélags sem er og var. Í dag eru opnar sýningar í bókasafninu, verbúðinni í Miklagarði og Svavarssafni og unnið er að því að efla sýningarstarf í sveitarfélaginu. Menningarmiðstöðin leggur mesta áherslu á miðlun og fræðslu menningararfs Hornafjarðar, skrásetningu hans og varðveislu til framtíðar, þróunar á atvinnustarfsemi og á ferðamannaiðnaðinum. Einnig verður æ ríkari áhersla lögð á rannsóknarstarf og ekki síst miðlun þess starfs til almennings sem og þátttöku barna og unglinga á þeim vettvangi. Önnur meginmarkmið Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar eru að hlúa að því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélaginu og að efla atvinnustarfsemi og uppbyggingu ferðamannastaða í sveitarfélaginu. Að efla vitund fólks um sérkenni og menningararf héraðsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu, kynningu og beinum aðgerðum. Starf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er fjölbreytt og skapandi og eru það einstök forréttindi að vinna við menningu og listir og að miðla menningu og þeirri sögu sem munir safna miðstöðvarinnar hafa að geyma til annara er mjög gefandi. Starf Menningarmiðstöðvarinnar er breytingum háð og hefur síðasta ár ekki gefið neitt eftir í þeirri þróun sem starfið tekur. Tæknin var nýtt af bestu getu og hefur kennt okkur mikið og margt sem við tökum með okkur inn í framtíðina.

Eyrún Helga Ævarsdóttir

Forstöðumaður, 10.4.2021.

Atvinnu- og menningarmálanefnd

Eftirfarandi nefndarmenn eru kjörnir til setu í atvinnu- og menningarmálanefnd:

Aðalmenn:

- Kristján Sigurður Guðnason, formaður (B)
- Hólmfríður Þrúðmarsdóttir, varaformaður (B)
- Bjarni Ólafur Stefánsson (B)
- Páll Róbert Matthíasson
- Sigrún Sigurgeirsdóttir (E)

Varamenn:

- Guðrún Sigfinnsdóttir (B)
- Steinunn Hödd Harðardóttir (B)
- Guðmundur Gunnarsson (B)
- Bryndís Björk Hólmarsdóttir (D)
- Sigurður Einar Sigurðsson (E)

Stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins

Menningarmálanefnd hélt 12 fundi á árinu og starfaði einnig með öðrum nefndum í samvinnuverkefnum. Menningarmálanefnd lauk við stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins árið 2016 og gildir hún til ársins 2026. Í henni er eftirfarandi lagt til grundvallar:

- Að efla menningarstarf í sveitarfélaginu Hornafirði.
- Varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins.
- Styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
- Styðja við menningarstarfsemi einstaklinga og frjálsra félaga.
- Bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.
- Hlúa að þjónustuhlutverki og menningarstarfsemi Menningarmiðstöðvar.
- Hvetja til samstarfs á sviði menningarmála.
- Styðja við starfsemi listamanna í sveitarfélaginu.
- Styðja við og efla fjölmenningu innan sveitarfélagsins.
- Eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir sveitarfélagsins.
- Vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Sveitarfélagið Hornafjörður eigi áfram hlut að samningi við ráðuneyti málaflokksins og SASS. Félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt menningarstarf.

Styrkir

Áætlaður rekstrarstyrkur Menningarmiðstöðvarinnar á árinu vegna Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024 var fimm m.kr. samkvæmt samningi við SASS. Í viðauka 6 má sjá undirritaðan samstarfssamning Mennta- og menningarmálaráðuneytis, SASS og Menningarmiðstöðvarinnar.

SASS

- Tjarnir 120.000 kr.
- Rithöfundakvöld MMH 200.000 kr.

Safnasjóður

- Endurbætur á listaverkageymslum og ástandsskoðun á hluta safneignar 1.700.000 kr.

Þjóðskjalasafn

- Rekstrarstyrkur 722.000 kr.
- Verkefnastyрkur 960.000 kr.

Sérstakar þakkir eru færðar þeim sem stutt hafa við starf Menningarmiðstöðvarinnar

Stefnumótun

Starfsstefna

Nýtt skipurit fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð tók gildi á síðasta ári sem fól í sér að atvinnu- og ferðamál færðust undir starfsemi menningarmiðstöðvar. Við þær breytingar var ljóst að þörf væri á endurskipulagningu stefnumótunar stofnunarinnar. Fyrri starfsstefna Menningarmiðstöðvarinnar var unnin 2018 og til endurskoðunar 2022. Ákveðið var að fara í endurskoðun hennar 2020. Hófst vinna við starfsstefnuna á haustmánuðum 2020 og fundað var með starfsmönnum og atvinnu- og menningarmálanefnd. Unnið er að starfsstefnunni með heimsmarkmiðin og menningarstefnu sveitarfélagsins til hliðsjónar. Áætlað er að ný stefna líti dagsins ljós á haustmánuðum 2021.

Sýningarstefna

Samþykkt var ný sýningarstefna Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar á árinu en þar kemur fram að Menningarmiðstöðin skal leitast við að setja upp metnaðarfulla grunnsýningu sem samræmist hlutverki safna stofnunarinnar og endurspeglar mannlíf og samfélag svæðisins. Frekari upplýsingar um hana má sjá í viðauka 4.

Stöðugildi og starfsmenn

Umtalsverðar starfsmanna- og stöðugildis breytingar á árinu. Halldór Steingrímsson lét af störfum sem byggðasafnsvörður í 50% vinnu og í hans stað var ráðinn Tim Junge í 50% stöðu. Á listasafni létu Hanna Dís Whitehead og Irene Hrafnan af störfum sem safnverðir og var ráðin í þeirra stað Auður Mikaelisdóttir í 100% stöðu. Halldóra Jónsdóttir er starfandi héraðsskjalavörður, Sigríður Guðný Björgvinsdóttir vinnur við fornleifaskráningu á rannsóknarsviði og Gísli Magnússon er bókaýrður. Á árinu voru atvinnu- og ferðamál færð undir starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar, við þær breytingar bættist Árdís Erna Halldórsdóttir í hóp starfsfólks miðstöðvarinnar.

Húsnæði Menningarmiðstöðvarinnar.

Aðstaða Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er ágæt þegar litið er til skrifstofupláss en við breytingar í starfsmannamálum hefur stofnunin þurft að fá úthlutað einni skrifstofu til afnota í Nýheimum. Vöntun er á geymsluaðstöðu og þá er sama í hvaða horn er litið. Héraðsskjalasafnið er með aðstöðu í Nýheimum og er það ein lokuð og læst skjalageymsla. Geymslan er nú þegar full en þörf er á að taka til og fjarlægja hluti sem ekki eiga að vera þar. Frumpakka og endurpakka þarf talsverðu magni af skjölum, bæta við hilluplássi

Fyrri hluta ársins 2020 var nýja geymslurýmið í Álaleirunni, þar þurfti að losa út og henda miklu magni af búnaði sem var ónýtur og fara í mikla tiltekt. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir stærri muni. Þegar Skreiðarskemman var tæmd fylltist geymsluplássið fljótt. Á árinu 2024 verður sett upp sjóminjasýning í Miklagarði, þar sem er áætlað að vera með fasta grunnsýningu með munum sem stóðu í Skreiðarskemmunni. Þegar safnið opnar mun aftur vera hægt að nýta plássið í Álaleiru fyrir þá muni sem það var ætlað til í upphafi og þá hægt að setja upp bætta starfstöð fyrir safnvörð byggðasafnsins. Betri aðstaða mun flýta fyrir skráningum muna allverulega.

Samstarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Leikhópurinn Lotta.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur stutt við komu Leikhópsins Lottu.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Náttúrustofa Suðausturlands.

Sýningin Tjarnir.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar, fjölmenningsfulltrúi sveitarfélagsins.

Ýmis verkefni.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Amnesty International.

Fyrirlestur.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Fallastakkur ehf.

Barnastarf.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og rithöfundar

Rithöfundakvöld og lestur fyrir yngsta stig skólabarna.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og leikskóli Hornafjarðar

Jólabókalestur.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Vatnajökulsþjóðgarður.

Umhverfiskynningar.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Leikjanámskeið Sindra

Barnastarf.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssetur.

Skráning menningarminja.

Verkefni Menningarmiðstöðvarinnar

Vélar Menningarmiðstöðvarinnar

Síðastliðin ár hefur verið unnið að því að koma vélum Menningarmiðstöðvarinnar í öruggt skjól og á árinu var þeim komið til upprunalegra eiganda eða afkomenda þeirra. Vélum sem fyrri eigendur óskuðu ekki eftir að fá afhentar til baka var komið fyrir í varanlegri eigu Svans Hallbjörnssonar. Menningarmiðstöðin hélt eftir tveimur vélum í góðu ástandi sem munu nýtast sem sýningavélar. Skýrslan „Vélar í Hoffelli“ skýrir frá ástandi og endanlegri staðsetningu vélanna og hana má nálgast hjá eyrunh@hornafjordur.is

Menningarverðlaun og styrkir 2020

Oft er vandmeðfarið að velja handhafa menningarverðlauna og eins og ávallt var nefndinni vandi á höndum að velja úr hópi þeirra sem tilnefndir voru því öll eru þau menningarstarfi samfélagsins til sóma. Tilnefningar ársins komu frá íbúum Hornafjarðar og nefndarmönnum.

Þeir sem tilnefndir voru:

Þorbjörg Arnórsdóttir á Hala: Vegna framlags síns til menningarmála um

áratugaskeið. Hlynur Pálmason: Fyrir kvikmyndina Hvítur, hvítur

dagur. Elísabet Þorsteinsdóttir: Fyrir framlag til hornfirskrar myndlistar.

Stefán Sturla Sigurjónsson: Leikstjóri, leikstjórn við leikritið Fílamaðurinn. Ísar Svan Gautason: Fyrir leik og túlkun á Joseph Merrick í leikritinu Fílamaðurinn.

Leikfélag Hornafjarðar: Fyrir uppsetningu á leikritinu fílamaðurinn í samvinnu við FAS. Svava Herdís

Jónsdóttir: Fyrir framlag til hornfirskrar myndlistar. Ída Mekkín Hlynisdóttir: Fyrir leik sinn í myndinni

hvítur, hvítur dagur. Guðný Svavarsdóttir: Vegna framlags síns til menningarmála um áratuga

skeið. Kristján Heiðar Sigurðsson: Fyrir ævistarf í þágu menningarmála á Hornafirði. Hlutverk menningarverðlauna er að veita hvatningu til handa listamönnum, fræðimönnum og áhrifavöldum fyrir verk sín.

Það að vera tilnefndur er heiður og sönnun þess að verkin ykkar skipta okkur máli.

Handhafi Menningarverðlauna Hornafjarðar árið 2020 var að þessu sinni Kristján Heiðar Sigurðsson fyrir sitt ævistarf. Hann er mikill tónlistarmaður og hefur auðgað menningu Hornafjarðar um árabil og sinnt af mikilli kostgæfni og elju hinum ýmsu menningarverkefnum í sveitarfélaginu.



Menningarverðlaun, mynd EHÆ

Menningarstyrkir 2020

Úthlutunarreglur menningarstyrkja

Sjá viðauka 3.

Menningarstyrkir eru veittir árlega til einstaklinga eða félagasamtaka sem starfa í þágu menningarmála. Markmiðið með veitingu menningarstyrkja Hornafjarðar er að örva menningarlíf í sveitarfélaginu. Menningarstyrkir eru veittir árlega til einstaklinga eða félagasamtaka í von um að þau efli áhuga einstaklinga, félaga og stofnana og auki þeim þor í menningarmálum, auk þess að vera umbun til þeirra aðila sem þau hljóta hverju sinni.

Alls bárust 14 umsóknir um menningarstyrki 2020 en þeir eru veittir félagasamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Hólmfríðar að með þessum styrkjum vildi nefndin hvetja og styrkja félagasamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar.

Menningarmálanefnd lagði til eftirfarandi ráðstöfun á þeim 2,6 m. kr. sem nefndin hafði til ráðstöfunar til umsækjanda og var það staðfest.

Styrkhafar voru:

Blús- og rokklúbbur Hornafjarðar

Gleðigjafar

Hornfirska skemmtifélagið

Karлакórinn Jökull

Kvennakór Hornafjarðar

Leikfélag Hornafjarðar

Lúðrasveit Hornafjarðar

Samkór Hornafjarðar

Heiðar Sigurðsson - Þú komst með jólin til mín

Teresa María - Fingraleikhús

Vilhjálmur Magnússon - Vírdós

Félag harmonikkunnenda

Félag áhugafólks um myndlist

Barnastarf Hafnarkirkju

Föstudagshádeggi

Árið 2019 voru haldnir 27 hádegisfyrirlestrar í Nýheimum en árið 2020 ekki nema fimm vegna lokunar á Nýheimum vegna COVID-19.

Fyrirlestrar voru:

28.02. Gísli Magnússon, bókavörður - Aflraunamaðurinn, glímukappinn og furðufuglinn Anton Baričević.

06.03. Þorvarður Árnason - Náttúruvernd - aflvaki eða dragbítur byggðapróunar?

13.03. Amnesty - Mannréttindi eru allra.

21.03. Moniku Fryčovu - Pure Mobile vs. Dolce Vita.

07.03. Soffía Auður Birgisdóttir - Að hafa stjórn á kynlífi kvenna.

Eftir föstudagshádeggið 7. mars var aðstaðan í samfélaginu orðin þannig að ekki var fært að halda fleiri föstudagshádeggi yfir árið.



Bílabíó, mynd EHÆ

Bílabíó á Höfn í Hornafirði

Þann 21.9.2020 hélt Menningarmiðstöð Hornafjarðar og REYKJAVÍK INTERNATIONAL FILM FESTIVAL bílabíó. Myndin *Dancer in the dark* var sýnd í porti Skinneyjar Þinganes, Krosseyjarvegi og var þátttaka ágæt.

Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2020

Hefð er fyrir því að Menningarmiðstöð Hornafjarðar standi fyrir fræðslu og skemmtiferðum fyrir börn frá sjö ára aldri. Síðastliðið sumar var þar engin breyting á og voru farnar níu ferðir, tvær þeirra voru í samstarfi við leikjanámskeið Sindra og gekk það vonum fram og mættu þá um 60 börn í ferðirnar, annars eru vanalega um 15 börn að meðaltali í ferðum miðstöðvarinnar. Ferðirnar tókust allar mjög vel og vorum við mjög heppin með veður í sumar og börnin stóðu sig öll með þryði og hafa greinilegan áhuga á umhverfi sínu. Í barnastarfi sumarsins skoðuðum við nærumhverfið og fræddumst um náttúruna, fórum í bátsferð út í Mikley og í náttúruskoðun í Bergárdal. Björn G. Arnarson fór með börnin út í Ósland og sagði þeim frá lífríkinu og lífsháttum fugla og tókst honum að gera alla mjög áhugasama. Starfsmaður Vatnajökulspjóðgarðs fór með okkur í ferð og sýndi áhugasömum börnum hvernig huga má að náttúrunni og í náttúruskoðun. Farið var inn að Heinabergi og þar voru skoðaðar búsetuminjar. Í ár var einnig boðið upp á tvær listasmiðjur í barnastarfinu og voru þær vel sóttar. Starfsfólk Menningarmiðstöðvarinnar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í ferðunum og öllum þeim sem lögðu lið. Svona starf getur ekki gengið nema með velvilja samfélagsins og hans njótum við svo sannarlega. Sérstakar þakkir fá: Fallastakkur ehf., Björn Arnarson, Vatnajökulspjóðgarður, starfsmenn Hornafjarðarhafnar, bílstjórar og leikjanámskeið Sindra.



Heinaberg, barnastarf, mynd EHÆ

Mikligarður

Mikið var unnið í málum Miklagarðs og settar voru fram tillögur að framtíð Miklagarðs.

Hafnar eru framkvæmdir á húsinu þar sem hugað er að innri þáttum hússins eins og vatni, rafmagni, brunavörslu, einangrun og ytrabyrði lagfært.

Fyrirhugað er að setja upp sýningar á vegum byggðasafns Menningarmiðstöðvarinnar í Miklagarði ásamt því að úthlutað verður örðum bilum í húsinu til annara verkefna.

Sjá má frekari útlistun á verkefninu í viðauka 2.

Veggurinn

Tjarnir

Þann 10.1.2020 opnaði ljósmyndasýning Náttúrustofu

Suðausturlands *Tjarnir*. Sýningin var hliðarafurð rannsóknar sem farið hafði fram í tvö ár á fuglalífi á og við tjarnir í Sveitarfélaginu Hornafirði en myndirnar voru allar teknar með flygildi. Myndirnar á sýningunni voru teknar af dr. Lilju Jóhannesdóttur, vistfræðingi Náttúrustofunnar.



Tjarnir, mynd af viðburðstilkynningu

Að vefa í erfðæfni

Þann 14. 3.2020. opnaði sýningin *Að vefa í erfðæfni*. Verkin eru eftir þær Hönnu Dís Whitehead vöruhönnuð og Claire Anderson textilhönnuð í samstarfi við Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Veiðarfæragerð Skinney Þinganes, Ístex og Atlantic fishleather. Á þeim tíma voru gerðar tilraunir með efni og aðferðir, frumgerðir og prufur. Að vefa erfðæfni er verkefni um íslenskar og skoskar textílhæfðir. Í verkefninu var farið aftur í tímann og skoskt og íslenskt handverk rannsakað allt aftur til sameiginlegra víkingaforfeðra. Þar var reynt að rjúfa vítahring sambandsleysis á milli nútíma og fortíðar í þeim tilgangi að skoða hvert hlutverk sögulegra hefðbundinna efna, aðferða og textíliðnaðar gæti orðið í framtíðinni. Þetta rof kom sterkast fram í því hve mikil hnignun hefur verið í textíliðnaði landanna. Til að mynda á Íslandi þar sem ekki er neinn vélavefnaður lengur, aðeins lítill hluti af vélprjónuðum vörum eru framleiddar hérlandis og aðeins ein sútunarverksmiðja er starfrækt.



Erfðæfni, mynd úr viðburðartilkyningu

Heimasíða

Á heimasíðu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar sem var opnuð almenningi formlega 25. október 2019 gefur að líta allar helstu upplýsingar um m.a. sýningar, viðburði, útgefið efni og verkefni starfsfólks: <https://mmh.hornafjordur.is/>

Listasafn Svavars Guðnasonar



Starfsemi

Listasafn Svavars Guðnasonar, Svavarssafn á Hornafirði var opnað við hátíðlega athöfn 24. júní 2011. Safnið er staðsett í Ráðhúsi Hornafjarðar og opunarsýningin var á verkum Svavars Guðnasonar. Sveitarfélagið hafði þá nýverið fengið verk Svavars að gjöf frá ekkju hans, Ástu Eiríksdóttur.

Listasafnið starfar eftir stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og gildandi lögum um starfsemi safna og safnalögum. Einnig fylgir það lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Hlutverk Listasafns er að safna listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á austurskaftfellska list. Annað meginhlutverk Listasafnsins er að skrá og varðveita verk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Listaverk skulu að staðaldri vera til sýnis í sem flestum stofnunum sveitarfélagsins. Auk þess efnir safnið til sérstakra sýninga á verkum úr safneign sinni og/eða frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum í sölum safnsins og öðrum sýningarrýmum innan bæjarfélagsins.

Listasafn Svavars Guðnasonar heyrir undir Menningarmiðstöð Hornafjarðar og forstöðumaður er Eyrún Helga Ævarsdóttir. Safnvörður listasafnsins, Hanna Dís Whitehead, kom úr fæðingarorlofi í apríl og tók þar með aftur við safninu af Þórgunni Þórsdóttur. Tveir starfsmenn störfuðu við safnið í hálfu stöðugildi í byrjun árs en létu þær báðar af störfum um sumarið. Við starfinu tók svo í 100% starfshlutfalli Auður Mikaelsdóttir, listfræðingur. Starfsemi safnsins var með frekar óhefðbundnum hætti árið 2020 en samt sem áður mörg áhugaverð verkefni unnin. Listasafnið er eina listasafnið í sínum landsfjórðungi, en næstu listasöfn eru í Hveragerði og í Eyjafirði. Safnið hefur því ýmsum skyldum að gegna í menningarlífi svæðisins, ekki síst í sambandi við menningaruppeldi ungu kynslóðarinnar. Því miður var minna um að hópar á vegum leikskólans, grunnskólans og framhaldskólans gætu komið í heimsókn þetta árið en fyrri ár voru skólabörnin dugleg við að koma í heimsókn og nýta sér leiðsögn sýningarstjóra. Safnið hélt úti reglulegum listasmiðjum fyrir börn þar sem markmið er að kynna börnum mismunandi aðferðir við listsköpun, gefa þeim tækifæri á að tjá sig í gegnum sköpun en einnig að fræða börnin um Svavar og safnið og hjálpa þeim að skilja verk hans í gegnum leik. Smiðjurnar voru vel sóttar og þó að COVID-19 setti strik í reikninginn hélt starfið áfram og þótti takast vel til.

Safnkostur

Safneign er grunnforsenda þess að safn geti starfað. Kjarni safneignar Listasafns Svavars Guðnasonar samanstendur að mestu af verkum Svavars Guðnasonar og annarra hornfirska málara. Safnaukinn 2020 samanstóð af einu verki og er safneignin nú orðin um 551.

Söfnunarstefna

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar og safnvörður listasafnsins taka ákvarðanir í samræmi við stefnu safnsins um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Allir gripir skulu skráðir í viðurkennda safnskrá og skal safnskráin vera aðgengileg almenningi. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.

Safnauki, rannsóknir og skráning

Safnauki

Eitt verk bættist formlega í safneignina í ár. Var það verk eftir Rafn Eiríksson og er málverkið af höfninni í Höfn í Hornafirði.

Rannsóknir

Safnið sér um að skrá og halda til haga upplýsingum um listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Safnið rannsakar og stuðlar að rannsóknum á listiðkun í sýslunni, með sérstakri áherslu á list Svavars Guðnasonar en safnið skráir, miðlar og varðveitir upplýsingar um öll verk Svavars og listferil hans.

Skráning

Safnið vinnur með skráningarforritið FileMaker. Jafnframt eru verk skráð í Excel-skjal og handskrifuð í skráningarbók. Um haustið 2019 hófst skráning á verkum eftir Höskuld Björnsson. Um 35 myndir eftir Höskuld hafa verið skráðar. Haldið var áfram með skráningu á verkunum 2020, nú hafa verið skráð 67 verk og þá var haldin yfirlitssýning af verkum hans.

Sarpurinn

Á árinu var hafist handa við að skrá aðföng Svavarssafns í Sarpinn en með því að skrá þau þar er hægt að yfirfara safnkostinn, ljósmynda verk upp á nýtt, en nauðsynlegt er að uppfæra ljósmyndir í skráningu til að opna skráningu fyrir almenningi. Í dag er safnskráin ekki opin almenningi en þegar safnskráin verður aðgengileg á netinu verður hægt að nálgast safneignina og gætu því bæjarbúar flett í gegnum hana og séð menningararf okkar. Safnið hlaut styrk frá Safnaráði árið 2019 til að hefja skráninguna og hefur hann komið að góðum notum og hafa nú þegar verið skráð 315 verk.

Framkvæmdir

Safnið fékk niðurstöðu og tillögu um úrbætur úr úttekt sem safnaráð gerði á geymslum og sýningarsal safnsins árið 2019 en listasafnið skilaði skýrslu viðurkenndra safna til safnaráðs 2018, en samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 er safnaráði falið að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna. Starfsmenn gerðu ítarlega úttekt á húsakosti safnsins, bæði geymslum og sýningarrýmum, varðveislu verka og öryggismálum, skráningu verka, aðgengi að safnkosti og sýningum og voru tillögur að endurbótum lagðar til af safnaráði. Sótt var um styrk til verkefnisins og fékkst góður styrkur til framkvæmda og endurbóta frá safnaráði. Ráðist var í endurbætur á geymslum safnsins á árinu og var forvörður fenginn til að meta safnkostinn. Safnvörður fylgist alla jafna með safnkosti með það að leiðarljósi að hamla gegn hrönnun verka og kemur þeim í viðgerð ef nauðsyn ber til og til að viðhalda safnkosti þurfti að laga geymslur og meta verk sem talin eru þurfa forvörslu og vann safnvörður með forverði að yfirferð verkanna og vel gekk. Áfram er unnið að málinu.

Húsnæði, gestafjöldi og opnunartímar

Inngangur inn í aðalsalinn er frá Ráðhúsinu en þar en einnig að finna Ástustofu. Lítill salur er í anddyri Ráðhússins, sem er jafnframt kallað fremra rými safnsins. Listaverkageymslur safnsins eru í Ráðhúsi Hornafjarðar. Skrifstofa listasafnsins er í Nýheimum. Þökkunarrými og vinnurými eru ekki til en unnið er að því að skaffa stafsmanni safnsins aðstöðu í ráðhúsinu til að bæta starfsaðstöðu í safninu og sýningar safnsins með viðveru starfsmans. Unnið er að því að bæta móttöku gesta sem heimsækja safnið.

Gestafjöldi

Mestur fjöldi gesta sækir safnið á opnunum, viðburðum, móttökum og í skipulögðum skólaheimsóknum. Enginn aðgangseyrir er að safninu.

Sýningarhald

Sýningar ársins

Sýningarhald er viðamikill liður í starfsemi safnsins. Listasafnið hefur fast sýningarými í Listasafni Svavars Guðnasonar en aðstoðaði einnig við sýningar í öðrum rýmum bæjarfélagsins. Settar voru upp þrjár sýningar í aðalsal listasafnsins en tvær sýningar voru í fremra rými safnsins. Starfsmenn safnsins aðstoðuðu einnig við uppsetningu og skipulag á sýningunni Tjarnarsýn. Alls setti safnið upp og aðstoðaði við færri sýningar en árið 2019 en vegna COVID-19 hefur starfið á listasafninu verið nokkru minna en fyrri ár en reynt hefur verið að miðla sýningum og verkum á netinu. Föst sýning er í Ástustofu og í Ráðhúsi Hornafjarðar.

6.11 - 6.3. - Samsýning – Í landslagi/Aðalsalur.

16.3. - 21.8. - Uppsprettur/Aðalsalur.

18.6. – 18.9. - Út fyrir safnið/Ýmsir staðir.

29.8 – 18.12. Endurskoðun, uppgjör og innrás abstraktsins/Aðalsalur.

Aðalsalur

Í landslagi

Landslag mótast af þeim náttúrulegu og manngerðu fyrirbærum sem þar eru sýnileg. Það er samspil jarðfræðilegra fyrirbrigða sem og samlífi við dýr og menn. Landslag varpar fram mynd af því lífi sem á sér stað og hefur átt sér stað og getur jafnvel gefið okkur vísbendingar um það sem getur orðið. Ystu lög landslags mótast af ólíkri menningu og staðháttum hverju sinni. Landslag sem þurrkast út og gleymist eða verður varanlegur hluti af framtíðarmynd landsins. Í landslagi birtist maðurinn og tilraunir hans til að móta og búa í náttúrunni, dýrin sem þar dvelja, trúin á yfirnáttúrlegar verur, auk sýnistöku úr framtíðarsköpunarsögu jarðar. Verk á sýningunni: Ásgrímur Jónsson (verk úr einkasafni), Efnasmiðjan; Elín Sigríður Harðardóttir og Inga Kristín Guðlaugsdóttir, Einar Þorsteinn Ásgeirsson (að láni frá Hönnunarsafni Íslands), Guðmundur Einarsson (verk úr einkasafni), Jón Þorleifsson, Sara Björg Bjarnadóttir, Svavar Guðnason, Sigurður Einarsson og Thomas Pausz. Auk lánsmuna frá Byggðasafni Austur-Skaftafellssýslu og Birni Arnarsyni.



Í Landslagi, mynd ó.þ.

Sýningarstjóri: Hanna Dís Whitehead.

Sýningin stóð frá 6.11.2019 - 06.3.2020

Uppsprettur - Innlit á vinnustofu

Takmark þessarar sýningar er að opna örlitla rifu inn á vinnustofu Höskuldar Björnssonar listmálara. Hún er ferðalag þar sem vegvísarnir eru meðal annars litir, form og línur, fuglar, staðir, veður, gróður, sjónarhorn, aðferðir, áferðir og orð. Sýningin veitir innsýn í vinnuferli málarans og opnar þannig fyrir hugmyndir og spurningar því tengdu. Hún er púsluspil, sannleikur og hugarburður allt í senn.

Dýralífið og þá helst fuglalífið var kærasta viðfangsefni Höskuldar. Hann er þekktur sem einn helsti fuglamálari okkar Íslendinga fyrr og síðar. Fuglarnir og eyjarnar áttu hug hans allan og þar þekkti hann hvern hólma og hverja vík. Hann átti sérstakt samband við fuglana og stundum var eins og hann liti á þá sem persónulega vini sína.

Æðarfuglinn í skerjum og varplöndum sem og rjúpan í gervi vetrar og sumars voru honum sérstaklega hagleikin sem og blæbrigði hinna lygnu voga með sína hólma, hreiður, hvönn og mjaðjurt. Frá barnæsku hafði hann á vorin fengið að fljóta með fullorðna fólkinu þegar verið var að prýða varplöndin með því að hengja fagurlitaðar tuskur á snúrur til að hæna æðarfuglinn að, en sá fugl kann fugla best að meta skæra liti og fagra hljóma. Seinna þegar Höskuldur var orðinn eldri réri hann út í eyjar á vorin og spilaði á harmoniku fyrir þessa vængjuðu vini sína. Að tónleikunum loknum tók hann gjarnan til við að mála þá.



Höskuldur, mynd: HDW

„Æskuárin eru tengd fögru og rismiklu umhverfi, svipmiklum jöklum, vötnum og litríkum eyjum – þar sem æðurin kveður sín kyrrlátu ljóð og ungarnir mynda slóð í döggvott grasið, en sandlóan trítlar milli steina..“



Höskuldur, mynd: HDW

Höskuldur Björnsson listmálari fæddist í Dilksnesi í Hornafirði 26.júlí 1907. Höskuldur er minnst af þeim sem til hans þekktu sem einstökum manni sem snerti við fólki. Hann þótti hógvæð og hléðrægur og einstaklega ljúfur maður. Hann var mikill hómoristi og hann hafði brennandi áhuga á samfélagsmálum og pólitík. Höskuldur hóf ásamt Svavari Guðnasyni og Þorbergi Þorleifssyni útgáfu á sveitablaði í Nesjum árið 1929. Blaðið hét Velvakandi og var Höskuldur ritstjóri þess.

Höskuldur fékk mislinga sem ungur drengur og síðar berkla sem hafði varanleg áhrif á heilsu hans. Þetta gerði það að verkum að hann var framan af mikið til heilsulaus og komst aldrei að utan í formlegt nám, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess. Höskuldur stundaði listnám hjá Ríkharði Jónssyni 1925-26 og Jóni Stefánssyni 1928-29.

Höskuldur bjó í Dilksnesi og einnig á Höfn en flutti síðan til Hveragerðis þar sem hann var hluti af blómlegu listasamfélagi. Höskuldur lést 2.nóvember 1963, aðeins 56 ára að aldri

Sýningastjóri: Hanna Dís Whitehead

Sýningin stóð frá: 16. 3.2020 - 21.8.2020

Út fyrir safnið

Sýningin Út fyrir safnið var fjölskyldusýning þar sem verk Svavars Guðnasonar öðluðust nýtt líf og börnin fengu tækifæri til að taka þátt í síbreytilegri sýningu sumarsins. Sýningarnar voru haldnar á Bókasafninu í Nýheimum, í Sundlaug Hafnar og í Gömlubúð - Upplýsingamiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs og hófst hver sýning með listasmiðju þar sem börnin fengu tækifæri til að kynna listamanninum, spreyta sig á abstraktlist og skapa verk á sýninguna sjálfa.

Í Sundlaug Hafnar mátti líta vatnslitaverk og á bókasafninu í Nýheimum var fjölbreytt sýning þar sem fólk gat tekið þátt í gleðinni ásamt því að skoða verk eftir Svavar og afrakstur tveggja listasmiðja. Síðasti hluti sýningarinnar opnaði svo í Gömlubúð að lokinni þriðju listasmiðjunni.

Sýningastjóri: Hanna Dís Whitehead.

Sýningin stóð frá: 18.6.2020-18.9.2020

Endurskoðun, uppgjör og innrás abstraktsins á Svavarssafni

Á sýningunni voru nokkur verk frá árunum 1941-49 eftir listafólk sem bar með sér nýja strauma inn í íslenskt listalíf um miðja síðustu öld. Listaverkin eru eftir Svavar Guðnason, Þorvald Skúlason, Jón Engilberts, Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur.

Við stríðsbyrjun fluttu Þorvaldur Skúlason og Jón Engilberts heim frá Kaupmannahöfn og þær Nína Tryggvadóttir og Louisa Matthíasdóttir fluttu einnig heim um það leyti. Svavar Guðnason varð hins vegar innlyksa í Danmörku og kom ekki heim fyrr en í stríðslok.


Svavar er sá myndlistarmaður íslenskur sem hefur vakið hvað mesta athygli erlendis og var mikill brautryðjandi í íslenskri list á 20. öld. Þegar Svavar Guðnason flutti heim með fyrsta skipi eftir stríðslok 1945 flutti hann með sér talsvert af verkum sem hann sýndi í Listamannaskálanum í ágúst 1945. Eftir einangrun stríðsáranna gafst Íslendingum þar kostur á að sjá sjálfsprottna abstraktlist í fyrsta sinn. Sýning Svavars í Listamannaskálanum markaði tímamót, því með henni hófst samfelld saga íslenskrar abstraktlistar, sem átti eftir að fá mikið vægi í íslenskri myndlist næstu áratugina. Verk Svavars eru sýnd hér með verkum samtímamanna sem unnin eru á svipuðum tíma og átti Abstraktið eftir að hafa mikil áhrif á verk þeirra flestra næstu áratugina.

Öll verkin á sýningunni tilheyra stofngjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Alþýðusambands Íslands sem lagði grunninn að stofnun Listasafns ASÍ sumarið 1961.

Vegna aðstæðna í samfélaginu var engin formleg opnun á sýningunni.

Sýningastjóri: Elísabet Gunnarsdóttir, safnstjóri Listasafns ASÍ

Sýningin stóð frá: 29.8.2020 - 06.1.2021



ASÍ, mynd: EHÆ

Fremra rými

Höskuldur Björnsson

Uppsprettur - Innlit á vinnustofu

Vegna COVID-19 voru ekki fleiri sýningar í Fremrarými

Markaðsetning, merkingar og samfélagsmiðlar

Merkingar á Listasafn

Merkingar sem hannaðar voru í samstafi við arkitekta og skiltagerðarmann voru settar upp í byrjun árs og hafa vakið mikla lukku.

Samfélagsmiðlar

Safnið nýtir samfélagsmiðla til að ná til samfélagsins. Einnig hefur Menningarmiðstöð Hornafjarðar fengið nýja vefsíðu þar sem listasafnið setur inn upplýsingar um sýningar og störf safnsins:

mmh.hornafjordur.is/listasafn.

Facebook

Listasafnið notar Facebook markvisst til að koma viðburðum og starfsemi sinni á framfæri. Þar eru settar inn tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni, myndir af viðburðum og fólk hvatt til að heimsækja safnið og mæta á þá viðburði sem eru í boði hverju sinni. Listasafnið á 259 aðdáendur á Facebook.

Instagram

Árið 2018 stofnaði safnið Instagram reikninginn @svavarsafn. Reikningurinn er tengdur Facebook-síðu safnsins og stuðlar að frekari miðlun og kynningu á starfsemi safnsins. Listasafnið á 374 aðdáendur á Instagram.

Prentun

Listasafnið gefur út sýningarskrár fyrir hverja sýningu sem sett er upp á vegum safnsins. Í öllum skránum var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og verkum hans/þeirra. Allur texti er ávallt þýddur yfir á ensku, nema þegar markhópur er annar. Boðskort voru prentuð fyrir hverja sýningu og send í öll hús í sveitarfélaginu en vegna COVID-19 var ekki boðið í opnunarteiti á sýninguna „Endurskoðum uppgjör og innrás Abstrakstins“. Plaköt voru prentuð í tengslum við allar sýningar. Um mitt ár 2020 var ráðinn grafískur hönnuður á Menningarmiðstöðina. Hefur hann unnið mikið í hönnun markaðsefnis fyrir safnið eins og nýrri merkingu og hönnun á stöðluðum boðskortum, einnig hefur hann séð um að hanna sýningaskrár og grafík fyrir sýningar safnsins.

Skólahópar, fyrirlestrar, móttökur og leiðsagnir

Skólahópar

Safnið og starfsemi þess eru reglulega kynnt nemendum í skólum í samráði við skólayfirvöld á Hornafirði. Í ár komu um 70 börn á safnið í skipulögðum heimsóknum.

Móttökur

Aðalsalur Listasafnsins er gjarnan notaður fyrir móttökur gesta og hópa sem eru í heimsókn á svæðinu, oft á vegum Sveitarfélagsins. Safnvörður safnsins er alla jafna viðstaddur móttökuna og heldur þar tölu um safnið og starfsemi þess hverju sinni.

Leiðsagnir

Safnvörður safnsins veitti leiðsagnir um sýningar safnsins þegar óskað var eftir því er safnið var opið en vegna COVID-19 hefur safnið verið mikið lokað í ár. Leiðsögn er liður í tengslum við miðlunarhluta sýninganna en vegna samkomutakmarkanna hefur verið reyna að halda uppi miðlum með netfræðslu.

Söfnun heimilda

Heimildaöflun fylgir öllum sýningum safnsins. Upplýsingum um hvern einasta listamann sem þar sýnir er safnað saman og þær skráðar, s.s. æviágrip, menntun og yfirlit yfir aðrar sýningar. Öll verk á sýningum eru skráð með heitum, stærð, hvenær unnin, úr hvaða efni, eigandi o.fl. sem nauðsynlegt þykir að fylgi hverju verki. Heimildavinnu um hornfirsku myndlist og myndlistarmenn er fram haldið og nýjar upplýsingar koma fram á hverju ári.

Listasmiðjur

Stafrænar listasmiðjur

Vani er að halda listasmiðjur fyrir börnin til að kynna þau fyrir listamönnum og verkum þeirra þegar sýningar þeirra standa yfir á Svavarssafni en vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu bauð Svavarssafn í fyrsta sinn upp á stafrænar listasmiðjur og lét samkomubönn og takmarkanir ekki stöðva sig. Verkefnin voru gerð til að kynna börnin fyrir listamanninum Höskuldi Björnssyni í tengslum við sýninguna Uppsprettur:

1. Fuglar:

Eitt meginviðfangsefni Höskuldar Björnssonar voru fuglar. Hann málaði og teiknaði til dæmis æðarfugla, rjúpur, spóa og krumma. Hvaða fugla hefur þú séð? Farðu í göngutúr og skrifaðu niður hvaða fugla þú sérð á leiðinni. Taktu eftir því hvar þeir eru, upp í tré, í vatni, á grasi eða í fjörunni. Hvað eru þeir að gera? Hvernig er veðrið, birtan og gróðurinn í kringum þá. Þegar þú kemur heim getur þú valið þér þinn uppáhaldsfugl og prófaðu að teikna hann eða mála á blað. Reyndu að mála líka umhverfið í kringum hann og veðrið jafnvel!

Ef það er vont veður eða þú vilt vita meira um fuglana geturðu líka skoðað þá á vefnum fuglavefur.is - fræðsluvef Menntamálastofnunar. Þar geturðu séð og jafnvel heyrt í öllum fuglum sem til eru á Íslandi. Myndina hér að neðan málaði Höskuldur Björnsson. Alla þessa fugla má sjá á Höfn. Þeir sem vilja mega endilega deila myndinni sinni með okkur!

2. Uppstillingar:

Höskuldur Björnsson málaði þó nokkuð mikið af uppstillingum af munum. Í uppstillingum eru gjarnan gerðar tilraunir með form, áferðir, ljós og skugga. Höskuldur málaði oft forna muni. Sauðskinnsskór, gamlir lampar, gömul búsáhöld, útskurður, útsaumur o.s.frv. urðu gjarnan fyrir valinu sem myndefni. Spurðu mömmu eða pabba um hluti heima hjá þér sem eru gamlir, kannski eiga þau einhverja muni eða eitthvað sem afi og amma eða langamma og langafi áttu, t.d. skrautmuni, gamla síma, dót úr þeirra æsku, stytur eða aðra muna.

Veldu þrjá til fimm hluti sem þér finnst spennandi og stilltu þeim upp. Málaðu þá svo eða teiknaðu þá á blað.

3. Landslag

Höskuldur Björnsson málaði gjarnan landslag. Þar varð hinn fagri Hornafjörður oft fyrir valinu sem myndefni og fjöldamargar myndir til eftir hann úr t.d. Nesjum, Lóni og frá Höfn. Í gegnum feril hans breytti hann nokkrum sinnum um stíl og notaði nokkrar aðferðir við að túlka þau og tjá á striga. Á tímabili á ferlinum málaði hann innblásinn af Van Gogh, öðrum stundum leitaðist hann við að túlka veður eða tíma dagsins. Prófaðu að mála eða teikna landslagið sem þú sérð út um gluggann þinn. Gerðu tvær myndir af sama landslaginu, gerðu þær annað hvort á mismunandi tíma yfir daginn eða sitt hvorn daginn í vikunni.

Reyndu að nota mismunandi aðferð eða efni, það er að segja að önnur teikningin sé blýantsteikning og hin með litum. Hvernig er veðrið búið að breytast. Eru kannski einhverjir á ferli, fuglar eða menn? Eru húsin, jöklnir eða fjöllin kannski öðruvísi á litinn eftir því klukkan hvað þú gerir þau að myndefni þínu. Er stormur í grasinu, rigning í vatninu eða sól á þökum?

4. Skissur

Meginefni sýningarinnar Uppsprettur- Innlit á Vinnustofu eru skissur Höskuldar Björnssonar. Skráning á verkum hans síðan síðasta haust reyndist mjög gjöf. Við hana kom í ljós stærðarinnar kista sem verið hafði á vinnustofu hans með mörg hundruð skissum. Hluta af þeim má sjá á sýningunni nú. Það má segja að vinnustofa hans hafi verið inni og úti. Hann var iðulega með skissubók með sér í för út í náttúruna og teiknaði það sem fyrir bar.

Skissur eru einskonar prufur, oft teiknaðar hratt og frjálst. Þær gerast í augnablikinu.

Líttu í kringum þig eða farðu í göngutúr. Eru einhver áhugaverð, fyndin eða flott form í kringum þig. Prufaðu að teikna uppáhaldsmatinn þinn, uppáhalds hlutinn þinn og uppáhalds bollann þinn. Ekki eyða meira en 60 sek. í hverja mynd og reyndu að teikna 5-10 mismunandi hluti.

Út fyrir safnið: Leikur, litir, form

Sýningin var fjölskyldusýning þar sem verk Svavars Guðnasonar öðluðust nýtt líf og börnin fengu tækifæri til að taka þátt í síbreytilegri sýningu sumarsins. Sýningarnar voru haldnar á Bókasafninu í Nýheimum, í Sundlaug Hafnar og í Gömlubúð - Upplýsingamiðstöð Vatnajökulspjóðgarðs og hófst hver sýning með listasmiðju þar sem börnin fengu tækifæri til að kynna listamanninum, spreyta sig á abstraktlist og skapa verk á sýninguna sjálfa.

Fyrsta listasmiðjan í tengslum við sýninguna fór fram í júní og voru verkin til sýnis, ásamt verkum Svavars, á bókasafninu.

Tvær aðrar smiðjur voru haldnar á bókasafninu í júlí. Þá opnaði annar hluti sýningarinnar í Sundlaug Hafnar og hin í Gömlubúð með verkum barnanna til sýnis með verkum Guðna.



Listasmiðjur, mynd: HDW, IH

Listasmiðjur eru skipulagðar af safnverði safnsins og er tilraun til kynna fyrir börnum safnið og að þeim finnist þau vera velkomin þangað. Reynt er að láta smiðjurnar tengjast störfum Svavars Guðnasonar en einnig þeim sýningum sem standa í aðalsalnum hverju sinni. Markmið er að kynna börnum mismunandi aðferðir við listsköpun, gefa þeim tækifæri á að tjá sig í gegnum sköpun en einnig að fræða börnin um Svavar og safnið og hjálpa þeim að skilja verk hans í gegnum leik. Listasmiðjurnar eru ætlaðar börnum á aldrinum 3-12 ára en ætlast var til að yngstu börnin mættu í fylgd með fullorðnum. Þátttaka var öllum að kostnaðarlausu.

Byggðasafn



Starfsemi

Skráning og föst störf Byggðasafnsins

Tim Junge hóf störf sem safnvörður Byggðasafnsins í júlí 2020. Fyrsta verkefni hans var að kynna sér skráningarferli á munum Byggðasafnsins. Hann tók við skráningum af Halldóri Steingrímssyni sem lét af störfum í júní 2020. Vel hafði verið farið yfir gamlar skráningar og athugað hvort skráða muni væri örugglega að finna á sarpur.is. Tim vann áfram skráningarnar með sumarstarfsmanni Menningarmiðstöðvarinnar og gekk skráning vel yfir sumarmánuðina en hægðist á þeim eftir sumarið vegna annarra verkefna starfsmanns.

Öll forvarsla og myndataka muna hefur farið fram í Álaleirunni en úrvinnsla mynda og skráning inn á Sarpinn hefur farið fram á Menningarmiðstöðinni. Netaðgangi hefur verið komið á í Álaleirunni og hefur það verið mikill munaður og sér starfmaður fyrir sér að hægt verði að klára allt skráningaferlið á munum í Álaleirunni í framtíðinni.

Sýningar safnsins

Sýning Skreiðarskemmunnar var tekin niður á vormánuðum og varð því ekki að opnun sýningarinnar yfir sumarið. Sýning í Verbúð var opin öðru hverju en vegna COVID-19 hefur það reynst erfitt. Í eðlilegu árferði hafa sýningar safnsins verið opnar 9-19 og utan þess tíma eru sýningarnar opnaðar eftir samkomulagi. Einnig má nefna að til sýnis í Gömlubúð eru 29 lánsgripir frá byggðasafninu. Lítil sýning var sett upp í Gömlubúð á árinu, Jólasýning, og vakti hún mikla lukku. Ljóst er að þegar geymsluhúsnæði Menningarmiðstöðvarinnar og sýningar í Miklagarði verða opnaðar þá verður mikil þörf á aukinni starfsprósentu á byggðasafninu.

Geymsluskrá

Geymsluskrá var unnin árið 2019 og var hún mikið nýtt í skráningu muna safnsins á árinu. Þess má geta að nokkrir dagar árið 2020 fóru í það að leita í geymslunni að gripum, þegar fyrirsprunir bárust að utan frá aðilum sem vissu um gripi sem höfðu verið til á safninu og vildu frekari upplýsingar um þá.

Námskeið

Safnvörður hefur ekki farið á nein námskeið á þessum stutta tíma sem hann hefur verið í starfi.

Verkefni

Innan annarra safnaeininga má nefna að þó nokkrir dagar á árinu fóru í afleysingar á Bókasafninu og miklum tíma var varið í ljósmyndun aðfanga. Einnig var tekið þátt í að skipuleggja sameiginlega viðburði innan Menningarmiðstöðvarinnar. Björn Arnarsson, fyrrverandi safnvörður Byggðasafnsins, hjálpaði fyrrum safnverði við skráningar og vinnu í geymslum sem skilaði sér áfram til starfsmans sem tók við starfinu.

Safnvörður tók þátt í barnastarfinu í ár og var bæði safnverði Listasafns innan handar í listasmiðjum safnsins og í ferðum með sumarbarnastarfi Menningarmiðstöðvarinnar.

Safnvörður Byggðasafnsins tók þátt í uppsetningu sýninga árið 2020. Safnvörður aðstoðaði við uppsetningu á listasýningunni „Endurskoðun, uppgjör og innrás abstraktsins“. Starfsmaður aðstoðaði einnig við uppsetningu sýninga í bókasafninu.

Safnvörðurinn hefur verið að mynda fundargerðarbækur, aðföng Héraðsskjalasafnsins og vinna myndirnar til að gera þær birtingahæfar á vef. Einnig hefur starfsmaður byggðasafnsins unnið að nýju merki safnsins þar sem atvinnu- og ferðamál hafa nú verið sameinuð Menningarmiðstöðinni og önnur grafísk verkefni sem til féllu.

Rannsóknarsvið



Starfsemi

Sem fyrr voru meginverkefni rannsóknarsviðs Menningarmiðstöðvar árið 2020 skráning menningarminja í Sveitarfélaginu Hornafirði. Skráning minja og gerð húsakannana er mikilvægur þáttur í verndun og varðveislu menningararfsins. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að skráning fornleifa skuli fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt og/eða framkvæmdaleyfi veitt. Samkvæmt sömu lögum er einnig kveðið á um að skráning húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Húsaskráning er undanfari húsakönnunar og húsakönnun byggir á húsaskráningu. Slík skráning byggist á sagnfræðilegum heimildum og ítarlegri vettvangskönnun þar sem núverandi ástandi bygginga er lýst í máli og myndum. Húsakönnun er byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun, byggð á sögulegum heimildum, vettvangskönnun og varðveislumati. Að kröfu Minjastofnunar Íslands er skráningin unnin í rafræna skráningarforritinu **Huginn**, sem stofnunin lætur í té. Skráningunni er skipt í sjö hluta: grunnskráning húss eða mannvirkis byggð á fasteignaskrá, upphaflegri gerð húss lýst, breytingasögu þess, núverandi gerð hússins, sögu húss, varðveislumat hússins eða mannvirkis og loks heimildaskrá. Með gerð húsakannana fæst yfirlit yfir byggingararfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans.

Á árinu 2020 var unnið að sex skráningarverkefnum vegna skipulagsgerðar. Fjögur verkefnanna vörðuðu fornleifaskráningu og tvær þeirra húsaskráningu. Húsaskráningin var unnin í samstarfi við Verkfræðistofuna Eflu, sem sá um gerð húsakönnunar í tilteknum verkefnum.

Minja- og húsaskráning vegna deiliskipulags.

Breiðabólstaður í Suðursveit.

Í byrjun árs var lokið fornleifaskráningu í landi Breiðabólstaðar í Suðursveit, en vettvangsvinnan fór fram á árinu 2019. Búsetusaga jarðarinnar spannar rúmlega 1100 ára tímabil. Breiðabólstaðar er getið í Landnámu sem landnámsjarðar Hrollaugs Rögnvaldssonar og lýsir því fyrstu byggð norrænna manna í Suðursveit. Fornleifaskráin samanstendur m.a. af þremur bæjarstæðum, Breiðabólstað 1, Breiðabólstað 2 Gerði og Breiðabólstað 4 Hala. Flestir minjastaðirnir reyndust á eða mjög nærri núverandi bæjarhlöðum ásamt tónum í kring. Elstu minjarnar eru í syðsta hluta skráningarsvæðisins, í svonefndum Húsagörðum og í Ranatúni suðvestan þeirra.

Oftast er tegund minja rituð heimild, samtals 47. Tóftir eru 15, bæði með þekktu sem óþekktu hlutverki og eru fjárhúsatóftir algengastar. Frásagnir heimamanna um minjar og mannvirki eru 13 og náttúruminjar samtals sex. Garðlög eru fimm en mörg þeirra í nokkrum hlutum. Aðrar tegundir minja eru m.a. þjóðsögur og þjóðtrú, steinalagnir og dældir. Hlutverk minjanna er af ýmsum og ólíkum toga en fénaðarhús eru algengust, alls 22 og hesthús samtals fimm. Fjósbaðstofur voru a.m.k. í þremur bæjarhúsaröðunum en þær voru ekki skráðar sérstaklega heldur sem hluti af burstabæ. Skráð voru fimm vatnsból og er eitt þeirra enn í notkun. Leifar gamalla túngarða eru enn sýnilegar í Ranatúni og Ullarhraunsmýri og fjárborgir í hlíðum Breiðabólsstaðafjalls. Vitað er af a.m.k. fjórum stöðum þar sem mannvistarleifar eru undir sverði sem komu í ljós við seinni tíma framkvæmdir.

Neðribær í Borgarhöfn

Í mars og desember fór fram skráning minja í landi Borgarhafnar 2-3 Neðribær, í undanfara skipulagsgerðar. Um var að ræða tvö aðskilin skráningasvæði, í heimatúni Neðribæjar annars vegar og við Eystra-Kambahraun og Eystri-Einbúa hins vegar. Neðribær er eitt af sex býlum í byggðahverfinu Borgarhöfn og heimildir eru fyrir búsetu þar allt aftur til 14. aldar. Samkvæmt máldögum var þar kirkja frá því snemma eftir kristnitöku til a.m.k. loka 16. aldar. Margbýli hefur ávallt verið í Borgarhöfn, allt að 12 ábúendur þegar mest var undir lok 19. aldar.

Alls voru skráðir 22 minjastaðir innan úttektarreitanna, þar af 10 tóftir fénaðar- og hesthúsa og sjö garðlög. Við Eystri-Einbúa var búið í nokkur ár um miðja 19. öld samkvæmt heimildum og enn sést til minja við klettaholtið. Sunnan við Eystra-Kambahraun, vestast í landi Borgarhafnar eru ummerki beitarhúsa frá Neðribæ, sum þeirra frá 19. öld en yngstu mannvirkin voru reist um 1930. Vestan Kambahrauna eru leifar útengjagarða sem ná frá Fífutjörn til norðurs að Borgarhafnarfelli. Í mati voru minjarnar álitnar í hættu vegna rasks þar sem hluti þeirra mun falla innan framkvæmdareita.

Húsaskráning í landi Dilksness og Hjarðarness

Í seinni hluta aprílmánaðar fór fram húsaskráning í landi Dilksness og Hjarðarness vegna deiliskipulagsgerðar, en húsakönnunin var unnin í samstarfi við Eflu verkfræðistofu. Samtals voru skráðar 17 húsbyggingar í landi Dilksness og Hjarðarness, þar af sex íbúðarhús. Elstu byggingarnar eru íbúðarhúsin Hjarðarnesi 1, reist 1950 með seinni tíma viðbyggingu og Dilksnes 1, byggt 1963. Ekkert af húsunum innan skráningarsvæðisins eru friðlýst, aldursfriðuð eða umsagnarskyld.

Miðsvæði Hafnar

Að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins fór fram fornleifa- og húsaskráning á miðsvæði Hafnar vegna deiliskipulagsgerðar. Vettvangsvinna var unnin í september og verkefnaskil í nóvember. Eins og fyrr á árinu var húsaskráningin unnin í samvinnu við Eflu verkfræðistofu. Samtals voru sjö minjastaðir skráðir innan miðsvæðisins, sem afmarkast af Víkurbraut til norðausturs og Hafnarbraut til vesturs og suðurs. Af þeim eru fjórir þeirra horfin hús. Það elsta var byggt 1921, Bræðraborg eða Sverrisstaðir á núverandi lóð við Hafnarbraut 28. Núpsstaður stóð á stórri lóð, rétt norðan við Bræðraborg, byggt 1924 og var 12. íbúðarhúsið sem reist var á Höfn. Vatnsuppspretta norðan í Garðshólnum er mögulega vitnisburður um fyrsta vatnsból landnemanna í verslunarplássinu í byrjun 20. aldar. Ef svo er, eru þetta menningarminjar sem ber að varðveita. Engin ummerki sjást um mælingastöð landmælingamanna frá því þeir hófu mælingar sínar á Íslandi í byrjun síðustu aldar. Hér er um afar merkilegan þátt í sögu landsins að ræða sem á fullt erindi inn í skráningu sem þessa. Húsaskráningin samanstóð af 21 skráðu mannvirki innan deiliskipulagsreits. Svæðið einkennist af skóla- og íþróttamannvirkjum, ásamt atvinnuhúsnæði austast á svæðinu. Elsta mannvirkið er Hafnarskóli, fyrsta sérbyggða skólahúsnæðið á Höfn, byggt árið 1940.

Búsetuminjar í landslagi

Á vormánuðum 2020 hófu Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssetur ehf. samstarf um skráningu fornra býla í Sveitarfélaginu Hornafirði, með það markmið að vernda landfræðilega og sögulega þekkingu á búsetuminjum í Austur-Skaftafellssýslu. Í sveitarfélaginu eru mikil og merk ummerki um horfna byggð frá liðnum öldum. Ummerkin eru ýmsar tegundir jarðlægra minja, m.a. tóftir bæjarhúsa og annarra mannvirkja tengdum þeim. Þau eru vitnisburður um búsetu og mannlíf á umræddu svæði.

Samstarf Menningarmiðstöðvar og Þórbergssseturs byggist á að skrá þessi fornu býli með ítarlegum hætti samkvæmt skráningarstaðli Minjastofnunar. Verkefninu er skipt í fimm hluta eftir sveitum héraðsins, þ.e. Örnefi, Suðursveit, Mýrar, Lón og Nes. Í apríl hófst skipulagning og undirbúningur og ákveðið var að hefja skráningu í Suðursveit. Stefnt var á að ljúka skráningunni fyrir haustið og nýta vetrarmánuði til úrvinnslu gagna, ásamt textaskrifum. Byrjað var að skrá og ljósmynda þekkt býli og hjáleigur í landi Kálfafellsstaðar, Borgarhafnar og Kálfafells. Fyrsta vettvangsferðin var að bæjarstæðum hjáleignanna Butru og Hellna þann 18. maí. Jarðlægar minjar, m.a. tóftir og garðlög voru mæld upp með staðsetningartæki, ljósmyndaðar og skráðar. Samtals voru farnar 30 vettvangsferðir í Suðursveit á tímabilinu 18. maí til 29. ágúst auk fjölda könnunarleiðangra. Skráningu í Suðursveit lauk að mestu fyrir árslok. Verkefnið verður kynnt almenningi á vormánuðum 2021 með ljósmyndasýningu ásamt opnun á nýrri vefsíðu: www.busetuminjar.is. Yfir verkefninu eru Sigríður Guðný Björgvinsdóttir, landfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Þorbjörg Arnórsdóttir og Fjölur Torfason frá Þórbergssetri. Þeim til aðstoðar hafa verið Anna Soffía Ingólfssdóttir fornleifafræðinemi, Kristinn Fjölsson og Heiðar Sigurðsson.

Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu



Starfsemi

Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu starfar í samræmi við lög um almenningsbókasöfn (nr. 36/1997) og gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Hlutverk þess er að jafna aðgang íbúa og gesta sveitarfélagsins að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu. Þjónusta safnsins nær til allra án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu.

Bókasafnið er skólabókasafn Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og vinnur með skólabókasöfnum Grunnskóla Hornafjarðar.

Árið 2017 voru liðin 180 ár frá stofnun elsta bókasafns í Austur-Skaftafellssýslu. Það hét Austur-Skaftafellssýslu lestrarfélag og var stofnað af séra Þórarni Erlendssyni í Bjarnanesi og fleiri prestum árið 1837. Þetta gamla lestrarfélag, sem jafnframt er fyrsta félag sem sögur fara af í Austur-Skaftafellssýslu hafði að markmiði að útvega bækur fyrir félagsmenn sína, aðallega presta, og virðist aðeins hafa starfað til ársins 1844. Til eru gerðarbók og samþykktir félagsins og virðist að það hafi verið með fyrstu lestrarfélögum á landinu.

Skráning aðfanga

Nýskráð efni, 911 eintök,

Afskráð efni, 799 eintök:

- Ótilgreint efni 513 eintök
- Barnadeild 207 eintök

Útlán

Heildarútlán bókakosts á árinu voru 5091 eintök lánuð út, þar af mest úr skáldsagnadeild eða 3.321 útlán og því næst er kostur barnadeildar vinsæll og þar voru skráð 1.370 útlán. Þegar litið er til útlána bókakosts safnsins, þá eru árgangarnir 2000-2009 duglegastir að fá lánuð eintök á safninu eða 206 eintök lánuð, þar á eftir 1980-1989 með 171 eintök lánuð úr safnkosti.


Innra starf

Vegna COVID-19 var safninu lokað tímabundið og á meðan safnið var lokað almenningi var ýmsu endurraðað í safninu og fór mest vinna fram í barnadeild, en einnig var farið í gegnum álitlegan óafskráðan bókakost sem fannst út í Álaleirugeymslu. Einnig var unnið í að uppfæra unglingadeildina. Gengið var frá myndbanda- og DVD kosti safnsins, mest afskráð en annað sett í geymslustatus í bakherbergi og auka eintakakostur í geymslu var grisjaður.

Viðburðir

Bókakvöld MMH og Hafsins

Þann 30.1.2020 var haldið Bókakvöld á Hafinu - Á síðasta ári voru slegin öll met í bókaútgáfu á Íslandi og gæðin sjaldan verið meiri en sitt sýnist hverjum. Unnendum bóka gafst kostur á að ræða saman um þær bækur sem þeim finnst hafa skarað fram úr á seinustu misserum.



Bló í Nýheimum

Þann 13.2.2020 sýndi Menningarmiðstöð Hornafjarðar í samstarfi við FAS heimildamyndina Verk og Dagar Magnúsar Pálssonar eftir Steinþór Birgisson. Myndin segir frá einum helsta sporgöngumanni nútímalistar á Íslandi. Varpað var svipmyndum af nýjum og gömlum verkum og fylgst með æfingum og undirbúningi sýninga og uppákomna.

Lestrarhestur 2020

Í sumar var Menningarmiðstöð Hornafjarðar með lestrarátakið Lestrarhestur 2020 fyrir börn á grunnskólaaldri og stóð átakið frá 8. júní til 24. ágúst. Krakkarnir þurftu að lesa 10 bækur og fylla út þátttökublað og þá voru þau kominn í pottinn. Fjöldi barna, á aldrinum fjögurra til ellefu ára gömul, tók þátt og veitti MMH átta börnum viðurkenningu með bókargjöf. Viðurkenningu fengu: Anna Herdís, Gunnar Leó, Embla Guðný, Laufey Ósk, Jóhann Frans, Theódór Árni, Stefán Birgir og Dominyka. Sigurvegari var Svanborg Rós.



Lestrarhestur, mynd: TJ



Brúðuleikhús

Dagana 11.12.8.2020 hélt Tessa Rivarola í samstarfi við Menningarmiðstöðina vinnustofu fyrir börn á aldrinum 9 til 12 ára. Föndraðar voru litlar brúður og brúðuleikhús. Fyrri dag vinnustofunnar var saga verksins rituð á grunni hlutar eða hugmyndar sem börnin komu með, þá voru persónur hannaðar og sviðið inni í pappakassa. Seinni daginn var kassinn skreyttur og sagan leikin. Börnin fengu þá kassann til eignar.

Brúðuleikhús, mynd: TJ



Hrollvekjukvöld

Þann 31.10.2020 hélt Menningarmiðstöð Hornafjarðar Hrollvekjukvöld í tilefni hrekkjavökunnar og leiddi Menningarmiðstöðin gesti sína inn í heim framandi staða og furðuvera sem fékk hárin til að rísa. Erlendir íbúar ásamt íslenskum tóku þátt í verkefninu og lásu stuttar sögur á sínu móðurmáli en Elín Ósk Óskarsdóttir las sögurnar yfir á íslensku.

Viðburðinum var streymt á Facebook síðu Menningarmiðstöðvarinnar.

Hrollvekjukvöld, mynd af viðburðartilkynningu

Þrjónaklúbbur á bókasafninu

Í lok árs var stofnaður þrjónaklúbbur þar sem áhugasamir voru boðnir velkomnir á safnið til að þrjóna.

Barnabókaupplestur

Í október komu þrír barnabókahöfundar og lásu upp í Sindrabæ við mikinn fögnuð skólabarna sveitarfélagsins.

Jólahátíð

Hin árlega jólahátíð Sveitarfélagsins var ekki haldin með formlegri athöfn eins og fyrri ár. Börnum af leik- og grunnskóla var boðið í jólabókalestur og föndur. Bókasafnið var skreytt hátt og lágt og jólaland sett upp þar sem börn og fullornir gátu komið og lesið jólabækur og skemmt sér. Á hátíðinni í ár var jólavættum varpað á hús í sveitarfélaginu og búinn til ratleikur. Alls voru settar upp sex myndir teiknaðar af nemendum í sveitarfélaginu. Vakti þetta mikla lukku. Einnig var búið til samverudagatal þar sem hugmyndir af samverustundum fjölskyldunnar voru settar saman og þær má finna á heimasíðu menningarmiðstöðvarinnar: mmh.hornafjorderur.is



Aðventuhátíð, mynd EHÆ

Rithöfundakvöld.

Í desember var haldið rithöfundakvöld og lásu rithöfundarnir upp úr nýútkomnum bókum sínum fyrir Hornfirðinga, en var í þetta sinn streymt vegna samkomutakmarkana.



Rithöfundar kvöldsins voru:

Kristín Svava Tómasdóttir
Sigurbjörg Prastardóttir
Ófeigur Sigurðsson
Hildur Knútsdóttir
Erla Hulda Halldórsdóttir

Rithöfundakvöld, mynd af viðburðartilkynningu

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu



Starfsemi

Skjalasafnið starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 auk þess sem ýmis önnur lög hafa áhrif á starf og rekstur skjalasafnsins. Kjarnastarfsemi skjalasafnsins er móttaka skjala afhendingarskyldra aðila og einkaaðila, skráning á skjölum og aðgengi að þeim, eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu á sveitarstjórnarstigi og að lokum miðlun á skjölum er varða sögu héraðsins og þjóðarinnar. Héraðsskjalasafnið er stjórnsýslu-, þjónustu- og menningarstofnun og mikilvægt er að tryggja að sveitarfélagið og almenningur geti með einföldum hætti nýtt sér þjónustu skjalasafnsins. Aðgengi að skjölum er fyrst og fremst tryggt með skráningu þeirra en einnig er mögulegt að gera ákveðin skjöl eða skjalaflokka aðgengileg á vefsíðu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og veita þannig þægilegra aðgengi að þeim.

Yfirlit um starfsemi 2020

Það er ávallt í mörg horn að líta í starfsemi héraðsskjalasafns. Skjalageymsla safnsins er óðum að fyllast og er unnið að því að skipuleggja rýmið betur, bæta við hillum, endurpakka eldri skjölum og skrá safnkost sem áður var óskráður eða skráður á ófullnægjandi hátt. Nýleg persónuverndarlöggjöf veldur því að fleiri einstaklingar leita til héraðsskjalasafns til að fá upplýsingar um gögn og aðgang að skjölum er varða hagsmuni þeirra og fleiri afhendingarskyldir aðilar leita ráðgjafar hjá safninu.

Héraðsskjalasafnið hélt áfram formlegu samstarfi við fjögur önnur héraðsskjalasöfn vegna ýmissa lögbundinna verkefna og meðal samstarfsverkefna á árinu var rafræn eftirlitskönnun sem lögð var fyrir afhendingarskylda aðila á sama tíma í þeim sveitarfélögum sem standa að þessum fimm héraðsskjalasöfnum. Annað samstarf safnanna fólst m.a. í samræmingu verkferla við móttöku, skráningu og frágangi skjala sem afhent eru frá sveitarfélögunum og stofnunum þeirra auk þess sem farið var yfir ferla og verklag vegna tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum.

Héraðsskjalasafnið sótti í fyrsta skipti um verkefnastyrk til skönnunar og miðlunar til Þjóðskjalasafns Íslands og hlaut 1.200.000 kr. til verkefnisins *Bækur Hofs- og Borgarhafnarhrepps*. Bækurnar hafa nú verið ljósmyndaðar og skráðar og eru tilbúnar til birtingar á vef en næsta skref er að koma upp miðlunarvef á heimasíðu MMH.

Skráningar

Safnkosturinn er skráður í FileMaker gagnagrunn samkvæmt alþjóðlegum stöðlum en talsvert af eldri safnkosti er enn óskráður. Unnið er að endurskráningu eldri safnkosti. Frá árinu 2017 eru allar afhendingar sem berast safninu skráðar í afhendingaskrá en fyrir þann tíma hefur verið misbrestur á því. Unnið er að greinargerðum með öllum skjalasöfnum sem skráð eru en eins og gefur að skilja er fljótlegt að leita í safni sem er vel skráð og skipulagt en mjög tímafrekt og stundum ógerlegt að leita í safni sem er illa skráð og sumt jafnvel algjörlega óskráð.

Fyrirspurnir

Fyrirspurnir um upplýsingar úr safnkostinum berast með ýmsu móti, með símtölum, tölvupósti og í heimsóknum. Því er mikilvægt að koma skráningu safnsins í lag og gera skjalaskrár þess aðgengilegar fyrir notendur safnsins. Þá vinnur safnvörður að því að koma tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi safnsins saman á einn stað svo að auðvelt sé að halda utan um heimsóknir á safnið og erindi sem berast, hvernig þjónustu safnsins gagnvart sveitarfélaginu og stofnunum þess er háttað, sem og gagnvart almenningi. Þessar upplýsingar gefa einnig góða mynd af því hvaða skjalasöfn þarf að afrita til að tryggja betur vörslu frumrita og vísbendingar um hvaða skjöl æskilegt væri að gera aðgengileg með rafrænum hætti.

Skráðar fyrirspurnir á árinu eru 66 og voru 23 þeirra frá opinberum stofnunum en 43 frá einstaklingum og félagasamtökum.

Fundir og fræðsla

Árið einkenndist af lokunum og samkomubanni vegna COVID-19 og var því ekki mikið um fundarhöld og námskeið. Héraðsskjalavörður náði þó að sækja námskeið hjá Staðlaráði um innri úttektir og var námskeiðið haldið í húsnæðni Staðlaráðs að Þórunnartúni 2. Vorráðstefnu Þjóðskjalasafns Íslands sem halda átti í maí var frestað fram í september og var hún haldin í vefútsendingu þar sem fjallað var um skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins 2020. Árleg vorráðsstefna opinberra skjalasafna féll niður vegna COVID-19. Héraðsskjalavörður sótti fræðslufundi hjá IRMA, félagi um skjalastjórn og hjá Dokkunni, þekkingar- og tengslaneti. Þá tók héraðsskjalavörður þátt í námskeiði hjá Advania um gagnaskil til Þjóðskjalasafns Íslands með Office 365. Auk þess var boðið upp á skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk sveitarfélagsins og nýtti héraðsskjalavörður sér það. Héraðsskjalavörður hélt áfram að stunda nám við Háskóla Íslands í upplýsingafræði og skjalastjórnun og rafrænum samskiptum skipulagsheilda og stefnir á að útskrifast með MIS gráðu næsta vor.

Húsnæði

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu er staðsett í Menningarmiðstöð Hornafjarðar í Nýheimum, Litlubrú 2, á 1. hæð. Ein lokuð og læst skjalageymsla er í húsnæðinu. Sú breyting hefur orðið á húsnæðinu að vinnurými skjalavarðar er nú hægt að loka af frá öðrum starfsmönnum MMH sem er mikil bót frá því sem áður var en það er oft nauðsynlegt að geta tryggt trúnað gagnvart skjölum og þeim sem í þau leita.

Engin vinnuaðstaða er til að taka á móti stærri afhendingum skjala og vinnuaðstaða við þökkun og skráningu takmarkast við skrifborð skjalavarðar. Engin aðstaða er til að taka á móti illa förnum skjölum svo sem af ryki, raka og myglu, en þess konar skjöl þarf að meðhöndla í vel loftræstu rými.

Sýningar

Lífið um borð - Ljósmyndasýning



Þann 07.6.2020 opnaði ljósmyndasýningin „Lífið um borð.“

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu setti upp ljósmyndasýningu í Stúkusalnum í Miklagarði í sumar en Stefán Ólafsson vann að því verkefni að safna stafrænum afritum ljósmynda af bátum sem skráðir hafa verið á Hornafirði og er það safn nú varðveitt í ljósmyndasafni Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu. Verkefninu verður haldið áfram og er markmiðið að fá mynd af hverjum einasta báti sem hér hefur staldrað við í lengri eða skemmri tíma.

Sjómenn hafa verið fljótir að tileinka sér heimildaskráningu með því að ljósmynda lífið og starfið um borð. Í gegnum árin hefur sú iðja orðið auðveldari með betri og aðgengilegri ljósmyndataekni. Nú geta flestir sjómenn tekið myndir og deilt þeim jafn óðum í gegnum internetið. Það eru miklar heimildir fólgnar í ljósmyndunum sem sjómenn taka og á þessari sýningu fáum við að skoða lífið um borð í gegnum linsuna þeirra.

Bestu þakkir færum við öllum þeim sem hafa lánað ljósmyndir til afritunar og þeim sem hafa deilt með okkur upplýsingum eða jafnvel sögum sem tengjast myndunum.

Ljósmyndirnar voru prentaðar í heimabyggð og var það Brynjúlfur Brynjólfsson sem sá um prentun þeirra.



Ljósmyndasýning verður til, mynd HJ

Afhendingar

Afhendingar til Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellinga á árinu 2020 voru 11 talsins og eru frágengnir 1,56 hillumetrar en skjöl sem sótt voru í Nesjaskóla eru ófrágengin og hafa ekki enn verið skráð.

Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu

2020/1 Heimabjónustudeild, Höfn, 0,03 hillumetrar, Jörgína Jónsdóttir afhenti.

2020/2 Sláturhús KASK, Örfum, 0,08 hillumetrar, Eva Bjarnadóttir afhenti.

2020/3 Ingibjörg Sverrisdóttir, Höfn, 0,25 hillumetrar, Ólöf og Svava Sverrisdætur afhentu.

2020/4 Hafnarsókn, Höfn, 0,19 hillumetrar, Sr. Gunnar Stígur Reynisson afhenti.

2020/5 Jónína Brunnan, 0,03 hillumetrar, Birna Oddgeirsdóttir afhenti.

2020/6 Nesjaskóli, ófrágengið, Starfsfólk héraðsskjalasafns sótti gögnin í geymslu.

2020/7 Nesjahreppur, ófrágengið, Starfsfólk héraðsskjalasafns sótti gögnin í geymslu.

2020/8 Yfirkjörstjórn, 0,08 hillumetrar, Bryndís Bjarnason afhenti.

2020/9 Ragnar Ásgeirsson (1895-1973), 0,16 hillumetrar, Ragnar Önundarson afhenti.

2020/11 Signý Gísladóttir f. 26.7.1908 og Guðmundur Gíslason f. 10.5.1910, 0,32 hillumetrar, Signý Knútsdóttir afhenti.



Skjalageymsla í Nesjaskóla, mynd HJ

Atvinnu- og ferðamál

Á árinu var starf atvinnu og ferðamálafulltrúa flutt undir starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi sveitarfélagsins er Árdís Erna Halldórsdóttir.

Helstu verkefni:

Janúar

Í janúar var rætt um að setja upp vegvísa á Höfn þar sem helstu staðir Hafnar eru taldir upp. Þó nokkuð er um að fólk leiti leiða á Höfn og eiga vegvísarnir að beina fólki á þá helstu staði sem Höfn hefur að geyma.

Þá var úthlutað úr atvinnu- og rannsóknasjóði og hljóðaði úthlutunin upp á 2,3 m.kr. og skiptist styrkurinn í A- og B-hluta.

Í A-hluta var úthlutað 1 m.kr. og hlaut HLS ehf. styrkinn fyrir verkefnið *Styrking reksturs á Héraðsblaðinu Eystrahorni*.

Í B-hluta var upphæðin 1,3 m.kr. og var eftirtöldum aðilum úthlutað styrkjum

- Náttúrustofa Suðausturlands – *Tjarnir og vötn* – 400 þ.
- Náttúrustofa Suðausturlands – *Forvarsla Forntrés* – 250 þ.
- Samtök Austur-Skaftfellskra kvenna - *Skrásetning á sögu kvenfélaga í A-Skaft*. – 250 þ.
- Íris Ragnarsdóttir Pedersen - *Umhverfiskennsla fyrir ungmenni í Öræfum* – 400 þ.

Febrúar

Í febrúar lauk Norrænu samstarfsverkefni um sjálfbæra bæi og voru afurðir kynntar á íbúafundi. Kynntar voru hugmyndir að uppbyggingu opins svæðis á milli Hrossabithaga og Fiskhóls. Hugmyndirnar eru unnar eftir niðurstöðum vefkönnunar á meðal íbúa um framtíðar uppbyggingu útivistarsvæða og göngu- og hjólaleiða.

Farið var yfir stöðu hjá helstu atvinnugreinum á svæðinu og ljóst var þó nokkur samdráttur var í ferðaþjónustu í kjölfar hruns WOW air. Nokkur ugður var vegna þessa. Sjávarútvegur hélt hins vegar ágætlega velli þrátt fyrir loðnubrest.

Mars

Í mars herjaði COVID-19 á heimsbyggðina og sveitarfélagið ásamt öðrum opinberum hagaðilum unnu að því að ná utan um stöðuna og vinna að viðspyrnuverkefnum. Einnig var unnið þétt með þjónustuaðilum á svæðinu til að tryggja t.d. fæðuöryggi aðila í sóttkví og einangrun.

Apríl

Í apríl þótti ljóst að hlutfall atvinnulausra á svæðinu var komið í áður óþekkt hlutfall og aðgerða þörf. Ferðaþjónustan er ein megin atvinnugrein í sveitarfélaginu og var hún að mestu lömuð vegna COVID-19. Unnið að vinnumarkaðsaðgerðum í samstarfi við Vinnumálastofnun Íslands til að mæta auknu atvinnuleysi á svæðinu.

Mái

Í maí var unnið af fullum þunga að vinnumarkaðsaðgerðum og einnig að markaðs- og kynningarmálum fyrir íslenskt ferðasumar 2020. Áherslur mótaðar í samstarfi við Ríki Vatnajökuls ehf. og Ferðamálafélag A-Skaft. Samið var við auglýsingastofuna Sahara um hönnun og birtingu á markaðsátakinu.

Júní og júlí

Í júní og júlí var unnið að nokkrum verkþáttum vegna Jöklaleiðarinnar. Bæði vegna endurbóta á gönguleiðinni á Mýrum sem skemmdist í hamfaraflóðum í september 2017 og einnig að hefja vinnu vegna styrks sem fékkst úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á vordögum til að hanna og undirbúa framkvæmd vegna göngustígs á milli Skaftafells og Svínafells í Öræfum.

En vegna viðvarandi stöðu atvinnumarkaðsins vegna COVID-19 var yfir sumartímann unnið að:

- Markaðsátaki vegna íslensks ferðasumars 2020.
- Viðspyrnuverkefnum vegna COVID-19.

Ágúst

Markaðsátakið íslenskt ferðasumar 2020 var greint eftir sumarið og náði það mikilli dreifingu og sýnileika. Ákveðið var að halda áfram með verkefnið fram á haust.

Áfram var unnið að viðspyrnuverkefnum vegna COVID-19.

Áfram var unnið að vegvísun á Höfn og lagði atvinnu- og ferðamálafulltrúi fram tillögu og kostnaðaráætlun vegna vegvísa á Höfn.

Unnið að málefnum matarsmiðjunnar á Höfn og hefur sveitarfélagið leigt húsnæði af Sláturfélaginu Búa, en leigusamningurinn rann út áramótin 2020-2021. Sláturfélagið hafði hug á að taka við rekstri smiðjunnar af sveitarfélaginu.

September

Í september voru mótaðar og lagðar fram tillögur um verkefni til að sækja um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og þá voru einnig útfærðar hugmyndir að áningarstöðum innan Hafnar.

Unnið var að ráðstefnu í ferðamálum sem er fyrirhuguð í nóvember 2021 – „Ævintýrlegt ferðalag til framtíðar“

Sveitarfélaginu var úthlutað 18 m.kr. úr ríkissjóði vegna tekjutaps í kjölfar COVID-19 faraldurs. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi sat í samráðshópi um málið, og lagði hann til að fjármagnið yrði nýtt í nýsköpun þar sem sveitarfélagið myndi móta atvinnuskapandi átaksverkefni með sérstaka áherslu á nýsköpun og frumkvöðla, að laða að störf án staðsetningar með því að koma upp aðlaðandi aðstöðu og valdeflingu íbúa af erlendum uppruna.

Unnið að uppfærslu á áfangastaðáætlun Suðurlands. Áætlunin er byggð á grunni þrískiptingar Suðurlands og unnin í nánú samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands sem stýrir verkefninu. Er ætlunin m.a. að vinna nánari aðgerðaáætlun í uppfærslunni.

Málefni byggðakvóta tekin fyrir.

Október

Í október voru tekin saman staða og horfur í ferðamálum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Rannsókn unnin í samstarfi SVH, FASK og Nýheima Þekkingarseturs. Ljóst er að COVID-19 hefur haft mikil áhrif á atvinnulíf á svæðinu, sem byggist að stórum hluta upp á ferðaþjónustu, en aðilar eru þó bjartsýnir þegar til lengri tíma er litið.

Unnið var að verkefnum vegna COVID-19 styrks úr ríkissjóði. Ákveðið var að útfæra þrjú mismunandi verkefni sem er ætlað að styrkja atvinnulíf á svæðinu. Unnið er að markaðssetningu á sveitarfélaginu sem búsetukosti í tengslum við skrifstofu sem sveitarfélagið mun bjóða upp á fyrir störf án staðsetningar og frumkvöðla. Einnig voru drög að úthlutunarreglum vegna sértæks styrks vegna COVID-19 lögð fram til kynningar og umræðu.

Unnar voru fjórar umsóknir fyrir hönd sveitarfélagsins í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Verkefnin snúa að lagningu göngu- og hjólaleiða á Höfn og í Örafum, hugmyndasamkeppni fyrir Leiðarhöfða á Höfn og hönnun og framkvæmd við smábátabryggjuna á Höfn.

Nóvember

Sveitarfélagið Hornafjörður samþykkti að endurnýja samning við Markaðsstofu Suðurlands til næstu þriggja ára um samstarf að markaðssetningu svæðisins sem áfangastaðar ferðamanna. Markaðsstofan mun vinna að markaðssetningu Suðurlands sem áfangastaðar og einstakra svæða innan þess. Á meðal hlutverka Markaðsstofunnar er að samræma ímynd og ásýnd áfangastaðarins og koma henni á framfæri, s.s. á vef, samfélagsmiðlum, á ferðasýningum, FAM ferðum og við blaðamenn/áhrifavalda. Atvinnu- og ferðamálafulltrúi er tengiliður sveitarfélagsins við Markaðsstofu Suðurlands og situr í faghóp ferðamála á Suðurlandi.

Samningar við Ríki Vatnajökuls ehf. yfirfarnir í ljósi breytinga hjá félaginu.

Samtal við Vatnajökulspjóðgarð og ferðapjónustuaðila vegna aðgangsstýringar í jöklagöngur og íshellaferðir. Verkefnið er á tilraunastigi. Hagaðilar hafa lengi kallað eftir aðgangsstýringu og hófst viðamikil samráðsferli á þessu ári. Ákveðið var að bjóða upp á 650 sæti í íshellaferðir á Breiðamerkurjökli á dag, en umsóknir fyrirtækja hljóðuðu upp á rúm 1600 sæti. Það var því ljóst að fjöldi leyfðra gesta yrði mun lægri en óskað var eftir, og kemur skerðingin mest niður á stærri fyrirtækjum. Um tilraunaverkefni er að ræða og var veturinn nú notaður til að sníða af vankanta, m.a. með virku samtali á milli ferðapjónustuaðila og þjóðgarðsins.

Unnið að verkefnum vegna COVID-19 styrks úr ríkissjóði.

Unnið að fyrirhuguðu samstarfi á milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og FESTU-samfélagsábyrgðar um loftslagssáttmála. Markmiðið er að nýta markvissar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Undirritun samstarfssamningsins fyrirhuguð í febrúar 2021.

Unnið að fyrirkomulagi vegna árshátíðar gjafabréfa starfsmanna SVH. Þar sem ekki tókst að halda árshátíð þetta árið var starfsmönnum sveitarfélagsins gefin inneignarnóta sem nýta mátti á hinum ýmsu stöðum í sveitarfélaginu.

Desember

Í desember var áfram unnið að verkefnum vegna COVID-19 styrks úr ríkissjóði.

Atvinnu- og rannsóknasjóður 2021 opnaði fyrir umsóknir. Atvinnu- og rannsóknarsjóður er samkeppnissjóður og er árlega aðgengilegur einstaklingum og fyrirtækjum sem stefna á atvinnu- eða rannsóknartengd verkefni.

Áfram var unnið að mögulegum útfærslum vegna matarsmiðju á Höfn og málinu er ekki lokið.

Yfir árið var staða á atvinnumarkaði í Sveitarfélaginu Hornafirði vöktuð og reynt að spyrna við áhrifum COVID-19 og hefur það gengið ágætlega en þó má segja að mikið hefur verið um atvinnuleysi í sveitarfélaginu og hefur það haft þónokkrar afleiðingar í för með sér fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Unnið hefur verið hörðum höndum að jafnvægisáðgerðum og reynt hefur verið að halda þétt utan um einstaklinga og atvinnulífið í sveitarfélaginu á þessum tíma.

Viðauki 1

Rekstrar- og verkefnastyrkir

Reglur um úthlutun rekstrarstyrkja Menningarmálanefndar.

- 1.gr. Auglýst er eftir umsóknum um rekstrarstyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar/mars ár hvert.
- 2.gr. Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast inni á íbúagátt sveitarfélagsins. Henni skulu fylgja ársreikningar félagasamtaka.
- 3.gr. Rekstrarstyrkir eru veittir til félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið menningarmálanefndar og eru með sýnilega starfsemi.

Reglur um úthlutun verkefnastyrkja menningarmálanefndar.

- 1.gr. Auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar/mars ár hvert.
- 2.gr. Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast inni á íbúagátt sveitarfélagsins. Henni skulu fylgjast ársreikningar félagasamtaka og/eða kostnaðaráætlun verkefnisins.
- 3.gr. Verkefnastyrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið menningarmálanefndar og eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.
- 4.gr. Styrki vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði.
- 5.gr. Menningarmálanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur menningarmálanefnd falið forstöðumanni að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir og verkáætlun.
- 6.gr. Menningarmálanefnd áskilur sér rétt til þess að skilgreina áhersluform verkefnanna hvert ár og verður það kynnt sérstaklega þegar auglýst er eftir umsóknum.

Viðauki 2

Mikligarður

Menningarhúsið Mikligarður

Verkefnið snýst um að setja upp skapandi menningarrými í hinu merkilega húsi Miklagarði. Markmiðið er að Mikligarður verði að lifandi menningarrými þar sem nokkur grunnsöfn Menningarmiðstöðvar verði sýnileg ásamt því að hluti hússins verði til útleigu sem hægt verður að nýta sem vinnustofur, verslanir og/eða aðra skapandi starfsemi. Eins og staðan er í dag eru grunnsöfn Menningarmiðstöðvar í geymslum vegna skorts á sýningarrými.

Mikligarður er yfir 100 ára gamalt hús og þjónaði á árum áður hlutverki verbúðar, söltunar- og beitingaraðstöðu fyrir útgerðir. Undanfarin ár hefur húsið að mestu leyti verið nýtt fyrir geymslur. Mikil vinna hefur verið lögð í að móta framtíðarsýn fyrir húsið og hverfið í kringum húsið, „Hafnarvík-Heppa“, allt frá íbúafundum yfir í skýrslur og deiliskipulag. Nú hefur loks verið tekin ákvörðun um næstu skref og er því ekkert því til fyrirstöðu að koma verkefninu á fullt skrið. Árið 2014 fékkst 18 m.kr. styrkur frá ríkinu til að gera upp framhlið hússins. Sveitarfélagið lagði til fjármagn á þessu ári, 40 m.kr. í framkvæmdir á bakhlið hússins sem eru að hefjast núna og áætlað er að fara í endurbætur á rafmagni, vatni og fráveitu á næsta ári fyrir um 50 m.kr.

Markmið verkefnisins er að efla menningar- og atvinnulíf á svæðinu. Hafnarvík-Heppa hefur að miklu leyti náð upprunalegri mynd á undanförunum árum með uppbyggingu á svæðinu, m.a. endurbyggingu nokkurra bygginga, s.s. Pakkhússins, Gömlubúðar og Kaupfélagshússins. Mikið líf hefur myndast á svæðinu

með tilkomu ferðamanna og veitingahúsa sem opnað hafa á svæðinu undanfarin ár. Mikligarður býður upp á möguleika til margs konar nota og gæti orðið suðupottur menningarlífs á svæðinu. Fyrirætlunin er að Hafnarvík-Heppa í heild verði miðstöð menningarlífs og ferðaþjónustu og er starfsemin í nærliggjandi húsum vel til þess fallin að styðja við þá starfsemi.

Sterkar raddir hafa verið uppi í samfélaginu um að koma lífi í húsið. Að sama skapi hafa íbúar kallað eftir því að grunnsöfn sveitarfélagsins fái sýningarrými.

Við enduruppbyggingu hússins sjáum við tækifæri í að sameina þau markmið að koma skapandi lífi í húsið ásamt því að nýta hluta

hússins undir grunnsöfn sveitarfélagsins.

Til að opnun safnsins verði þarf að vinna að

innanhússhönnun og hönnun sýninga sem laðar að bæði heima- og ferðamenn.

Við uppbyggingu á menningarstarfsemi í Miklagarði skapast atvinna við framkvæmdina og svo atvinnutækifæri í tengslum við uppsetningu á safni og hjá einstaklingum sem kæmu til með að leigja aðstöðu í húsinu. Fjölbreytni í menningarlífi í sveitarfélaginu skapar vellíðan fyrir íbúa og gesti og er leiður í því að gera svæðið meira aðlaðandi og gæti stuðlað að lengri dvöl ferðamanna og leiðir einnig til fjölbreyttari atvinnustarfsemi á svæðinu.

Framkvæmdalýsing, verk- og tímaáætlun
Lagfæring á ytra byrði:

Fyrsti áfangi: 2020

- Laga þak og ytra byrði (í vinnslu)

Annar áfangi: 2021

- Koma vatni að húsinu.
- Brunaverja húsið.
- Einangra húsið.
- Hönnun.
- Hólfu bíl til útleigu.

Þriðji áfangi: 2022

- Laga rafmagn, fráveitu og lagnir.
- Framhald af rafmagni.
- Setja upp klósettaðstöðu.
- Koma skapandi lífi í húsið

Fjórti áfangi: 2022-3

- Innanhúshönnun á rýmum til útleigu.
- Innanhúshönnun sýningarrýmis og hönnun sýningar.
- Upplýsingasöfnun.
- Hugmyndavinna.
- Grunnplön og skipulag rýmis.
- Efni, lýsing, húsgögn og smíðateikningar.
- Ákvarða úthlutunarreglur vegna útleigu á rýmum, verð, samninga o.fl.
- Leigja út 279,5 m², sex bíl, fyrir lifandi menningar- og atvinnustarfsemi.

Grunnsafn Menningarmiðstöðvar í hluta hússins:

Fimmti áfangi: 2022-3

- Hönnun sýninga fyrir Menningarmiðstöð
- Byggðarsafn, breytileg sýning
- Sjóminjasafn, grunnsýning
- Verbúð (er nú þegar til staðar, en verður eflid)

Kostnaður

Í ár 2020 hefur verkefninu verið úthlutað 40 milljónum, þá er vinna við fyrsta áfanga verkefnisins hafin. Áður höfðu verið settar um 20 milljónir í vinnu á ytra byrði Miklagarðs. Annar áfangi, þá er áætlað að úthluta í verkefnið 50 milljónum og þar á að huga að innri þáttum hússins eins og vatni, rafmagni, brunavörslu og einangrun. Í þriðja áfanga verkefnisins er áætlað að leggja 30 milljónir til viðbótar í verkefnið. Þá þarf að huga að innanhússhönnun fyrir safn Menningarmiðstöðvarinnar og úthlutun bíla og að koma lífi í húsið.

Áætla má að hönnun innanhúss og sýningar Menningarmiðstöðvarinnar og uppsetning hennar muni kosta um 50 milljónir.

Samtals er verkkostaður þá orðinn 180 milljónir fyrir húsið sjálft og er verkið í hönnunarferli.

Viðauki 3

Söfnunarstefna

Söfnunarstefna Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

2020-2024

1. Kynning.

1.1. Saga safnsins

Árið 1990 var tekin ákvörðun um að fella alla menningarstarfsemi sveitarfélaganna í Austur-Skaftafellssýslu undir eina nýja stofnun; Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu. Frá þeim tíma hefur stofnunin verið að eflast og dafna og rekur nú viðamikla menningarstarfsemi á fjölmörgum sviðum. Á grundvelli stefnumótunar í menningar- og safnamálum Hornafjarðar sem var samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 1. mars 2001 var heiti stofnunar breytt í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Tók nafnbreytingin formlega gildi 21. apríl 2001. Menningarmiðstöðinni er ætlað að gegna mjög fjölbættu hlutverki og vera leiðandi í uppbyggingu á menningarstarfsemi sveitarfélagsins. Við breytingu á skipuriti sveitarfélagsins 2020 urðu atvinnu- og ferðamál partur af málefnum miðstöðvarinnar. Starfsemi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er ekki bundin við eitt hús. Hún fer fram í húsum í eigu stofnunarinnar s.s. Nýheimum, Svavarssafni, Miklagarði/Verbúð en einnig víðar; í félagsheimilum, kirkjum, veitingahúsum, Vöruhúsinu o.s.frv.

1.2 Gripir

Hver gripur, hver minning, hvert merki um mannlíf, er fjársjóður fyrir framtíðina ef tekst að geyma vel. En allt hefur sín takmörk og ekki er hægt að taka við öllu. Þess vegna verða söfn að setja sér markmið, og fylgja þeim.

1.3. Eignarhald og húsnæði

Eigandi stofnunarinnar er Sveitarfélagið

Hornafjörður og fer rekstur Menningarmiðstöðvarinnar fram í Nýheimum. Heldur safnið úti þremur staðbundnum sýningum í Verbúð, Skreiðarskemmuni og Svavarssafni.

2. Söfnunarsvæðið.

Söfnunarsvæðið er það landsvæði sem fellur innan marka Austur-Skaftafellsýslu.

3. Markmið.

Stofnunin starfar á grundvelli stefnu í menningar- og safnamálum Hornafjarðar 2016 -2026 sem samþykkt var í bæjarstjórn Hornafjarðar 12.1.2017.

Markmið Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni og minjar sem hafa sögulegt gildi fyrir íbúa Hornafjarðar og miðla þeim upplýsingum til almennings. Áhersla er lögð á að safna heildum sem geyma og sýna heimildir um mannlíf, heimilishald, landnýtingu og horfna starfshætti. Í þessu ríka sjávarútvegs- og landbúnaðarhéraði er eðlilegt að leggja áherslu á ákveðnar hliðar þess og hefur megináhersla verið lögð á þróun til vélvæðingar og það sem kalla má einkenna tæknivæðingu landbúnaðarins á starfssvæðinu, samgöngur og búferlaflutninga, daglegt líf, svo sem matargerð í torfbæjum og hreinlæti, hífli, torfvinnu og hleðslu og félags- og menningarsögu. Forsenda öflugrar minjaverndar er upplýsingaöflun, skráning heimilda, rannsóknir, miðlun upplýsinga og fræðsla.

Hlutverk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er að halda uppi öfluggu menningarlífi í sveitarfélaginu fyrir alla aldurshópa. Einnig að styðja við frjáls félagasamtök sem vinna að menningarmálum. Af öðrum meginmarkmiðum sem koma fram í stefnumótun Sveitarfélagsins Hornafjarðar í menningarmálum fyrir árin 2016-2026 má nefna:

- að efla menningarstarf í sveitarfélaginu Hornafirði
- varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins
- styðja við menningartengda ferðaþjónustu
- styðja við menningarstarfsemi einstaklinga og frjálsra félaga
- bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar
- hlúa að þjónustuhlutverki og menningarstarfsemi Menningarmiðstöðvar
- hvetja til samstarfs á sviði menningarmála
- styðja við starfsemi listamanna í sveitarfélaginu
- styðja við og efla fjölmenningu innan sveitarfélagsins
- eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir sveitarfélagsins
- vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Sveitarfélagið Hornafjörður eigi áfram hlut að samningi milli ráðuneytis málaflöksins og Sveitarfélaga á Suðurlandi.
- félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt menningarstarf

4. Söfnunarsvið og sýningar.

4.1 Byggðasafn.

Byggðasafn safnar minjum sem gefa heildstæða mynd af sögu, náttúru og mannlífi héraðsins. Byggðasafni er ætlað að safna minjum sem lýsa heimilishaldi, félagslífi, samgöngum og atvinnuháttum, jafnt til sjávar og sveita.

4.2 Bókasafn

Fyrsta stigs söfnun á nánast við um allt efni á hvaða miðli sem er sem gefið er út á almennum markaði á Íslandi. Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu kappkostar að eiga a.m.k. eitt eintak af öllum þeim gögnum sem gefin eru út á almennum markaði. Skáldsögur flokkast þannig á fyrsta stig þótt munur sé á innkaupafjölda milli höfunda. Flest eintök eru keypt af skáldsögum eftir íslenska vinsæla höfunda, næst koma vinsælir erlendir höfundar.

4.3 Héraðsskjalasafn

Héraðsskjalasafn safnar og varðveitir skjalasöfn þeirra embætta og stofnana sem heyra undir safnsvæðið. Ritaðar sem og óritaðar heimildir í mynd eða hljóðformi, skjalavarsla sveitarfélagsins sem og einkasöfn. Héraðsskjalasafn skal leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu og hefur mótað söfnunarstefnu varðandi einkaskjalasöfn. Aðfanga- og vörslustefna Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 13. febrúar 2020. Stefnuna má nálgast á vef sveitarfélagsins:

<https://www.hornafjordur.is/media/stefnur/Adfanga-og-vorslusefna-2020-2025.pdf>

4.4 Listasafn

Listasafnið kappkostar að safna listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á skaftfellska list. Jafnframt að skrá og halda til haga upplýsingum um listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Skal safnið vinna að því að listaverk séu að staðaldri til sýnis í sem flestum þessara stofnana auk þess að efna til sérstakra sýninga. Kjarni safneignar Listasafnsins samanstendur af verkum Svavars Guðnasonar og fleiri hornfirskra málara og á safnið nú yfir 500 verk.

5. Söfnunarflokkar.

Þótt söfnin eigi að halda utan um menningararf og munaflóru viðkomandi byggða og héraða er útilokað að þau geti geymt allt úr öllum flokkum safnmuna og því verður að afmarka söfnunina. Söfnun úr öðrum flokkum getur verið nauðsynleg í undantekningartilvikum, eftir því sem rannsóknir og/eða sýningar krefjast, annars er bent á önnur söfn. [*í tilfelli Menningarmiðstöðvarinnar er um vísinda- og björgunarleiðangra að ræða sem sérstaða í ákveðnum tilfellum]

Megin söfnunarflokkar Menningarmiðstöðvarinnar eru þír og undirflokkar þeirra eru sem hér segir:

Sjávarhættir	Landbúnaður	Samgöngur	Skjöl
Samgöngumáti til sjós og vatna, strönd Veiðarfæri og aðrir gripir er tilheyra sjávarútvegi og vinnslu í landi	Búskapur Heimilishald Híbýlahættir Heimilisiðnaður Fjölskylduhættir	Reiðtygi, klyfjareiðskapur, sleðar, skíði og skautar og allir gripir sem tengjast ferðalögum á landi fyrir véla- og bílaöld, fótgangandi og á hestum*	Skjöl skilaskyldra aðila sveitarfélagsins. Einkaskjalasöfn einstaklinga og félaga
Listasafn	Bókasafn		
Austur-skaftellsk list	Almenn útgáfa Fræðsluefni Tímarit Austur-skaftellskt efni		

5.1 Sjávarhættir, landbúnaður og samgöngur.

Langflestir munir safnsins tengjast sjávarútvegi og landbúnaði. Vélar sem tengjast þeim eftir miðja 20. öld verða ekki teknar til varðveislu nema þær tilheyri heildum sem vistaðar eru og ef þær teljast einkennandi fyrir héraðið. Lögð er áhersla á veiðarfæri sem notuð voru til sjós, í ám og vötnum, sem og við dýra- og fuglaveiði. Söfnun er á fiskveiðarfærum og bátum sem koma úr héraði, öðrum slíkum gripum verður beint á Síldarminjasafnið á Siglufirði.

5.2 Heimilishald.

Sem fyrr er lögð áhersla á að safna munum sem tilheyra heildum, en einnig er safnað öllu sem varpar ljósi á aðbúnað í torfbæjum og híbýlum fram á 20. öld. Lítil áhersla er lögð á að safna fatnaði í stórum stíl, einungis til að hafa sem dæmi um klæðnað fólks við hin ýmsu tækifæri, svo sem vinnu við bústörf og á verkstæðum og klæðnaði er tengist uppsetningu sýninga hverju sinni. Á næstu árum verður lögð áhersla á að afla muna og annarra heimilda um upphaf og þróun búskaparhátta í Hornafirði frá upphafi fram á síðmiðaldir.

5.3 Búskaparhættir.

Verkfæri, tól og tæki sem notuð voru til landbúnaðarverka frá fyrstu tíð fram til landbúnaðarbyltingar. (Sjá inngang varðandi tæknibyltingu í landbúnaði).

5.4 Híbýlahættir.

Safnað er innastokksmunum og upplýsingum um hús og húsagerð í Hornafirði, sem fyrr með áherslu á muni og aðrar heimildir sem tengjast torf- og grjóthleðslu og smíðum torfbygginga. Lögð verður áhersla á húsagerðir, byggingarefni og innbú fyrri alda.

5.5 Heimilisiðnaður.

Safnað er tækjum og tólum sem tengjast tóskap, útskurði og heimilisiðnaði, ef um heildir er að ræða. Safnað er útskornum gripum, gull- og silfursmíðum og verkfærum sem tilheyra þeirri iðju. Textíl sem tengjast sérstökum viðfangsefnum (t.d. heimilum, sem gera á skil í sérstakri sýningu) er safnað, þó ekki í stórum stíl.

5.6 Fjölskylduhættir.

Safnað er munum sem tengjast tyllidögum og tímatali, lifnaðarháttum í torfbæjum og varpa ljósi á húsbúnað og áhrif tísku í híbýlum manna fram undir 1960.

5.7 Samgöngur.

Reiðtygi, klyfjareiðskapur, sleðar, skíði og skautar og allir gripir sem tengjast ferðalögum á landi fyrir véla- og bílaöld, fótgangandi og á hestum, eru áhugaverðir fyrir safnið. Áhersla er lögð á að safna reiðverum og öðru er tengist notkun hesta og hvernig fólk útbjó sig til ferðalaga. Engin áform eru um að safna bílum, flugvélum eða skipum og póst- og símaminjum frá 20. öld er vísað til annarra safna (nema ef um er að ræða sérstöðu í héraði og eitthvað einstakt).

5.8 Verslun og viðskipti.

Safnað er öllu því er lýtur að vinnuskiptum/skiptiverslun, ritaðar sem óritaðar heimildir. Tekin hefur verið til aðlögunar og seinni tíma ákvörðunar lítil verslunarheild sem byggð verður upp í framtíðinni (2017) með upphaf byggðar á Höfn í forgrunni.

5.9 Iðnaður til sjós og lands.

Tekið er við munum sem tengjast heildum þar sem hægt er að sjá hvernig menn höguðu smíðum í heimahúsum og á iðnaðarverkstæðum á upphafsárum iðnvæðingarinnar og sem brúa bilið frá handverkfærum til vélvæðingar. t.d. eru geymd í heilu lagi, tré-, járn- og úrsmíðaverkstæði (sem tilheyra þessum tíma, nema með undantekningu). Engu er safnað sem flokkast undir verksmiðjuframleiðslu og munum vísað til Iðnaðarsafnsins á Akureyri. Sjóminjar úr héraði eru varðveittar og er rík áhersla lögð á sögu útgerðar og útræðis fyrri tíma og þróun sjávarútvegs á 20. öld og sjávarnytja. Sem áður er brýnt að nefna að fjöldaframleidd tæki eru ekki geymd, heldur þau sem eiga sér sérstöðu innan héraðs, öðru er vísað til Síldarminjasafnsins á Siglufirði.

5.10 Félagssaga.

Munir sem þykja einkenna hornfirskt félagslíf eru áhugaverðir og safnað er alls kyns munum sem varpa ljósi á skemmtanir og tónlistarflutning í heimahúsum og dans- og sönglíf í héraðinu.

5.11 Bækur.

Á fyrsta stigi eru flestir flokkar Deweys flokkunarkerfisins en nokkrir eru einnig á söfnunarstigi tvö og er gert grein fyrir því í þeim kafla. Á fyrsta stigi er söfnun á stærri gæðaverkum s.s. stéttatölum, alfræðiorðabókum, orðabókum, Atlas bókum, viðhafnarverkum og því um líku og ef þannig gæðaverk eru á viðráðanlegu verði kaupir safnið tvö eintök, annað sem handbók og hitt til útláns. Ef aðeins er keypt eitt eintak fer það í handbókadeild en þá geta skuldlausir lánþegar fengið bókina lánaða í skamman tíma í samráði við forstöðumann. Endurútgáfur eru einnig á þessu stigi en kaup á þeim fara þó eftir efni og aðstæðum hverju sinni. Látið er nægja að kaupa eitt eintak af endurútgáfu og aðeins ef

veruleg breyting hefur orðið á útgáfunum, textinn uppfærður, nýr formáli eða aðrar markverðar breytingar hafi verið gerðar. Óbreyttar endurútgáfur eru sjaldan keyptar.

Allt fræðsluefni í barnadeildinni er á fyrsta stigi nema erlendar lestrar- og fræðibækur en eins og áður hefur komið fram leggur Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu metnað sinn í að afla þeirra gagna. Fyrir efni á fyrsta stigi er aðallega leitað fanga í Bókatíðindum og í almennum

bókaverslunum. Mikilvægt er að grisja reglulega á þessu stigi og eyða gögnum sem eru úr sér gengin eða innihalda villandi upplýsingar.

Afar takmörkuð grisjun er þó á áður nefndum gæðaverkum en þó skal haft í huga að eyða fyrri útgáfum eða prentunum við kaup á nýjum. Frumútgáfum er þó ekki eytt heldur aðeins milliútgáfum.

Á öðru stigi eru því nær eingöngu bækur og tímarit úr vinsælli Dewey flokkum eins og gert er grein fyrir í

töflu. Á þessu stigi, eins og á fyrsta stigi, þarf að grisja reglulega og eyða efni sem er úrelt eða úr sér gengið. Fylgst er sérstaklega með útgáfu á efni sem fellur undir annars stigs söfnun víðar en að efni sem fellur undir fyrsta stigs söfnun og er þess leitað m.a. á bókamörkuðum, fornbókasölum og hjá Bóksölu stúdenta.

Á þriðja stigi safnar Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu eingöngu bókum og tímaritum sem henta fyrir framhaldsskólamenntun en flokkast ekki undir söfnunarstig tvö. Í því skyni eru keypt inn ýmis fagttímarit, Alþingistiðindi og einstaka bækur eða rit sem viðskiptavinir óska eftir en á þessu stigi, eins og á fyrri stigum, þarf að grisja reglulega og eyða efni sem er úrelt eða úr sér gengið.

Fjórdða stigs söfnun - Þar sem Bókasafn Austur-Skaftafellssýslu er almenningsbókasafn er ekki talin þörf fyrir söfnun á fjórða stigi, en það er ítarlegri söfnun sem hentar fyrir námsmenn á háskólastigi og efni fyrir rannsóknarritgerðir.

Fimmta stigs söfnun - Starfsfólk Bókasafns Austur-Skaftafellssýslu kappkostar að heildarsafna öllu efni, á hvaða miðli sem er, sem tengist Austur-Skaftafellssýslu. Einnig er leitast við að útvega efni tengt Austur-Skaftafellssýslu sem gefið er út erlendis. Á fimmta stigi eru því öll gögn sem: a) Fjalla að meginstofni um Austur-Skaftafellssýslu eða einstakling/einstaklinga úr sýslunni. b) Eru eftir einstakling/einstaklinga sem teljast frá Austur-Skaftafellssýslu eða hafa verið búsettir í Austur-Skaftafellssýslu til lengri tíma. c) Er eftir einstakling/einstaklinga sem tengdir eru Austur-Skaftafellssýslu í huga almennings í sýslunni.

6. Söfnunaraðferðir.

Aðferðir til söfnunar - Safnið tekur á móti munum sem því eru gefnir og auglýsir eftir vissum efnisflokkum eða gripum þegar sérstök ástæða þykir til. Söfnin munu einnig safna munum markvisst eftir öðrum leiðum og kaupa muni í undantekningartilfellum fyrir önnur söfn en bókasafnið sem er með fjárhagsramma til innkaupa, annars fara innkaup inn að fengnu samþykki stjórnar. Safnið safnar einnig munnlegum heimildum og stuðlar að varðveislu þeirra og miðlun.

Dewey flokkur	Heiti
020	Bókasafns og upplýsingafræði
130	Yfirsíkvitleg fyrirbæri
370	Menntun
550	Jarðvísindi
630	Sjávarútvegur
746	Textílar Vefjalist
920	Ævisögur

Tafla 4 Dewey flokkar á annars stigs söfnun

7. Grisjun.

Það er heyrir til undantekningar ef safngrip, sem einu sinni hefur verið skráður í safnið, er fargað. Þá getur þurft að farga safngrip vegna skemmda, fölsunar, fjölda eintaka af sömu gerð eða vegna þess að gripurinn samræmist ekki söfnunarstefnu safnsins eða telst ekki varðveisluhæfur. Gripurinn kann líka að vera betur kominn í öðru safni. Í slíkum tilfellum skal ávallt leita ráðlegginga fagfólks, t.d. hjá Þjóðminjasafni Íslands. Safngripi sem skráðir eru og gefnir safninu í safnkost má ekki gefa áfram nema ef hugað er að grisjun safnkostsins. Þá skal þess gæta að munurinn hafi ekki söfnunargildi fyrir önnur söfn. Ákvarðanir um förgun eða langtímalán skulu samþykktar af stjórn safnsins.

8. Móttaka gripa.

Kvittun er gefin við afhendingu safngrips, undirrituð af starfsmanni safnsins. Þegar tekið er við grip skal hann hreinsaður, skráður og búið um hann til geymslu eða sýningar. Nauðsynlegt er að hafa í huga mikilvægi forvörslu og er vafaatriði koma upp um snyrtingu eða lagfæringu á safngrip er rétt að safnvörður ráðfæri sig við forverði Þjóðminjasafnsins. Safnið mun ekki taka til varðveislu gripi sem það getur ekki varðveitt. Safninu ber þá að koma gripnum fyrir á öruggum stað og gera skriflegt samkomulag um varðveislu annars staðar, þangað til það getur tekið gripinn í vörslu sína.

Viðauki 4

Sýningarstefna

Sýningarstefna Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2020 – 2025.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar skal leitast við að setja upp metnaðarfulla grunnsýningu sem samræmist hlutverki safna stofnunarinnar og endurspeglar mannlíf og samfélag svæðisins. Hlúa að því öflugra og fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélaginu. Efla vitund fólks um sérkenni, menningararf og náttúru sveitarfélagsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu, kynningu og beinum aðgerðum.

Grunnsýning

Innan safnaeininganna í dag er opin sýning í Verbúð í Miklagarði og í Svavarssafni og stefnt er á opnun heildstæðara safns í Miklagarði þar sem útgerð í Hornafirði verður í brennidepli. Menningarmiðstöð Hornafjarðar skal leitast við að setja upp metnaðarfullar sýningar sem samræmast hlutverki safna stofnunarinnar og endurspeglar mannlíf og samfélag svæðisins.“ Grunnsýning byggðasafnsins er endurskoðuð á um 10 ára fresti.

Sérsýningar

Í starfsstefnu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar kemur fram að „Miðstöðin heldur úti fjölbreyttu menningarstarfi og æskilegt er að gestir heimsæki safnið til að skoða, njóta, upplifa og eiga samverustundir. Í því fellst að bjóða upp á sýningar á vegum safnsins sem standa í nokkrar vikur eða mánuði, allt eftir eðli sýninganna. Slíkar sýningar geta bæði verið með gripum úr safnkosti safneininga Menningarmiðstöðvarinnar, gripum frá öðrum söfnum og utanaðkomandi sýningar. Leitað er eftir samstarfi við lista- og fræðafólk sem hefur hug á að setja upp sýningar í húsakynnum safnsins sem falla vel að starfseminni sem þar fer fram. Sýningaraðstaða er í Nýheimum, Miklagarði, Gömlubúð og Svavarssafni. Einnig er stefnt að því að nýta frekar veraldarvefinn til miðlunar upplýsinga.

Viðauki 5

Umfjöllun

Eystrahorn

2. tbl. 59. árgangur

Fimmtudagurinn 14. janúar 2021

www.eystrahorn.is

Þrettándagleði Menningarmiðstöðvarinnar

Aðventan reyndist heldur óhefðbundin og samkomur bæði fámennar og sjaldgæfar á árinu sem var að liða en þessar takmarkanir fólu einnig í sér lærdóm um hvernig má vera saman og gera skemmtilegt án þess að hittast. Menningarmiðstöðin blés til Þrettándagleði í bókasafninu og streymdi á netinu þar sem hátíðarnar voru kvaddar með svolitilli viðhöfn.

Dregnir voru út þrír vinningshafar sem sent höfðu inn réttar lausnir í ratleiknum en það voru Askell Vigfússon, Friðrik Jarl Bragason og Kristjón E. Elvarsson. Ánægjulegt var að sjá hversu margir tóku þátt í ratleiknum og hversu fallega listaverkin settu svip sinn á bæinn.

Menningarmiðstöðin vill nota tækifærið og þakka aftur Selmu Ýr Ivarsdóttur, Daniel Snæ Garðarssyni og Sögu Skrímsdóttur fyrir þeirra óeigingjarna framlag til samfélagsins og að gleðja okkur öll með verkum sínum í svartasta skammdeginu.

Á Þrettándagleðinni heiðraði Kvinnakór Hornafjarðar gesti með þróttmiklum söng undir stjórn Heiðars Sigurðssonar. Þá komu feðginin Amylee og Luiz da Silva og fluttu portúgalskt lag og ljóð. Öllum að övrum kikti Kertasníkir við á leið sinni til fjalla og fór með gamanmál, stýrði samsöng og aðstoðaði við útdráttinn. Menningarmiðstöðin þakkar öllum sínum góðu gestum og áhorfendum fyrir fjórlega samveru!



Kvinnakór Hornafjarðar ásamt Kertasníki. Myndir: Tim Junge



Fríðrik(t.v) og Askell(t.h) með verðlaunin sín



Amylee og Luiz da Silva tóku lagið

Verð í Sporthöllinni með
fótaaðgerðir dagana
27. janúar til 2. febrúar.



Audur starfsmaður Menningarmiðstöðvar afhendir Kristjóni verðlaun



Glæsilegt jólatré sveitarfélagsins er nú í ár á miðsvæðinu

Jólahald verður með öllu sniði þetta árið. Sökum samkomutakmarkana ákvað Menningarmiðstöðin að halda ekki aðventuhátíð í þetta sinn eins og kunnugt er, en undir venjulegum kringumstæðum hefðu ljósín á jólatrénu verið tendruð við það tilefni. Jólatréð hefur nú fengið nýjan stað á miðsvæði Hafnar, milli sundlaugar og lögreglustöðvar. Menningarmiðstöðin tók sig til og skipulagði ratleik fyrir yngri kynslóðina þar sem 6 jólavættir munu birtast víðsvegar um bæinn fram að jólum, og er það kjörð tækifæri fyrir fjölskyldur að

ganga um bæinn í skammdeginu og finna þessar furðuverur. Hvetjum við fólk til að kynna sér ratleikinn hjá starfsmönnum bókasafnsins og grípa í leiðinni þáttökublað. Dregið verður um vinninga á þrettándaðum.

Nú er jólaundirbúningurinn langt kominn hjá mörgum og hvetur Eystrahorn fólk til að versla í heimabyggð og nýta sér þau fjölmörgu tilboð sem veitingahús og ferðapjónustufyrirtæki bjóða uppá um þessar mundir.

Jólavættir og ratleikur á Höfn

Ljóst er að hefðbundinn jólaundirbúningur og jafnvel jólahaldið sjálft verði nú með nýju sniði. Mikil óvissa hefur einkennt misserið og margt farið fram á annan hátt en áætlað var. Vegna sóttvarnaaðgerða stjórnsvalda hefur aðventuhátíð Menningarmiðstöðvar verið aflýst, en ekki er öll nótt úti. Övenjulegir tímar kalla á övenjulega nálgun sem getur skapað skemmtilegt nýnæmi. Því ætlar Menningarmiðstöðin að færa jólastemninguna út í þorpið og hefur fengið til liðs við sig unga og efnilega hornfirska listamenn. Selma Ýr Ívarsdóttir, Daniel Snær Garðarsson og Saga Skrýmsdóttir hafa endurskapað forna vætti, fært þær til byggða og sveipað sönnum jólaanda.

Jólavættirnar eru sex talsins og munu birtast ein af annarri í gluggum og á húsveggjum víða um Höfn. Það er því kjörð að fara saman í gönguferðir um bæinn og svipast um eftir þessum óvæntu jólagestum. Yngri kynslóðinni gefst kostur á að taka þátt í ratleik þar sem þau finna og skrá allar vættirnar og staðsetningu þeirra. Svörin má senda á Menningarmiðstöð í Facebook skilaboðum eða koma á bókasafnið og



Daniel Snær Garðarsson, Saga Skrýmsdóttir og Selma Ýr Ívarsdóttir

fylla út þáttökuseðil. Dregið verður úr réttum svörum á þrettándaðum (6. janúar 2021) og þrenn verðlaun verða veitt. Um heppna vinningshafa verður tilkynnt á Facebook síðu Menningarmiðstöðvar. Um leið og jólavættirnar afhjúpa sig og koma Hornfirðingum í hátíðarskap mun þeim einnig verða ljóst hversu hæfileikaríkir listamenn eru að vaxa hér úr grasi. Vættirnar eru hand- og höfundarverk þessara listamanna og Menningarmiðstöðin þakkar Selmu,

Sögu og Daniel hjartanlega fyrir að glæða þær lífi með svo metnaðarfullum hætti. Það er von okkar að framtíð hvetji til útivistar og samveru á aðventunni og skapi samtál um íslenska sagnahefð og jólahald.

Megi allar góðar jólavættir vaka yfir Hornfirðingum og lýsa upp svartasta skammdégið.

Gleðilega aðventu!

Menningarhátíð Í Nýheimum

Föstudaginn 13. mars var mikið um dyrbir her í Sveitarfélaginu Hornafirði, en þá var haldin vægleg menningarhátíð Sveitarfélagsins í Nýheimum, þar voru afhentir styrkir og viðurkenningar sveitarfélagsins. Alls voru 28 styrkir veittir, það voru styrkir menningarmálanefndar, bæjarráðs, fræðsku- og tómstundarnefndar, sem og styrkir úr atvinnu- og rannsóknarsjóði. Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri setti hátíðina og kom fram í máli hennar mikilvægi þess að koma saman og fagna fjölbreyttu menningu, umhverfissviti og frumkvöðlastarfi í sveitarfélaginu því menning er samföfn samfélagsins og drjúfulegur hluti þess.

Menningarverðlaun fyrir árið 2019

Menningarverðlaun hafa verið veitt frá árinu 1994 og í ár voru tíu einstaklingar tilnefndir til verðlaunanna. Fram kom í ræðu Eyranar Helgu Ávarsdóttur forstöðumanna Menningarmálastofvar Hornafjarðar að hlutverk verðlauna er að veita hvatningu til handa listamönnum, fræðimönnum og skrifvöldum fyrir verk sín. Það að vera tilnefndur er heiður og sönnun þess að verkin ykkar skipta okkur máli.

Menningarverðlaun Hornafjarðar hlaut að þessu sinni Kristján Heiðar Sigurðsson fyrir sitt svistarí til menningarmála. Hann er mikill tónlistarmaður og hefur auðgað menningu Hornafjarðar um árabil og sinnt af mikilli kostgæfni og elju hinum ýmsu menningarverkefnum í sveitarfélaginu. Heiðar byrjaði ungur að spila á hljóðfæri, stofnaði og hefur verið meðlimur í fjölskyldumafhljómsveitum alla sine tíð og fóru þeir félagar í hljómsveitinni Vitringerir t.d. í Musíktilraunir árið 1999. Hljómsveitir Heiðars hafa skemmt Hornfirðingum á dansleikjum og skemmtunum í sveitarfélaginu í gegnum tíðina. Heiðar hefur verið þátttakandi í hinum ýmsu menningartengdu verkefnum í gegnum árin, hann hefur komið að uppefningu söngleikja, söngvakeppna, styrt hljóðkerfnum á hinum ýmsu viðburðum og staðið vaktina sem hljóðmaður, tæknimaður, tónlistarstjóri, svo eitthvað sé nefnt, og sinnt þessum verkefnum af miklum metnaði. Hann er einn af stofnendum Hornfirsku Skemmtifélagsins og hefur verið tónlistarstjóri félagsins



fra upphafi eða síðan fyrsta sýningin var sett upp haustið 2002. Heiðar starfaði sem tónlistarkennari í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu frá árinu 2005 til 2018.

Heiðar hefur verið kórastjóri Kvinnaskórs Hornafjarðar frá árinu 2009. Hann hefur samið og útsett fjólfjórðan allan af lögum og leitt kórinn í hinum ýmsu söngverkefnum innan lands sem utan. Heiðar styrkir kórnum af miklum metnaði og eldmoð.

Atvinnu og rannsóknarsjóður

Bjarni Ólafur Stefánsson fulltrúi í Atvinnu- og menningarmálanefndar afhenti styrki atvinnu- og rannsóknarsjóðs, fram kom í máli hans að í ár hafi nefndinni borist 12 metnaðarfullar umsóknir í sjóðinn. Hljóðaði heildarupphæð umsóknanna upp á rúmar tju milljónir en alls voru 2,3 milljónir króna til úthlutunar.

Einnig tók Bjarni Ólafur fram að meginhlutverk sjóðsins væri „Að efla byggð og atvinnu í Sveitarfélaginu Hornafirði og er sjóðnum ætlað að veita styrki til verkefna sem koma að atvinnuþróun, rannsóknum og nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði.“

Í ár var einni milljón úthlutað úr A-hluta og hlaut HLS styrkinn að þessu sinni fyrir verkefnið „Eystrahorn – Mannlífsþættir“. Úr B-hluta var úthlutað 1,3 milljónum. Náttúrustofa Suðrausturlands hlaut tvo styrki, annarsvegar fyrir verkefnið „Tjarnir – rannsókn á fuglalífi við tjarnir“ og hinsvegar fyrir verkefnið „Lurkuna heim – til sýningar eftir forvöðlu“. Einnig hlaut Sigurður Gíslurardóttir styrk fyrir verkefnið „Skráning á sögu

Ávenfélaga í Austur-Skaftafellssýslu“ og Iris Ragnardóttir Pedersen og Erla Guðny Helgadóttir styrk fyrir verkefnið „Örnafaskólinn“.

Umhverfisviðurkenningar

Pinnur Smari Torfsson, varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar veitti umhverfisviðurkenningar fyrir hönd nefndarinnar.

Tilgangur viðurkenninganna er að vekja áhuga sveitarfélagsins til umhugsunar um gildi náttúru og umhverfis á samfélagið og jafnframt að hvetja þá til að sýna náttúru og umhverfi tilhlýðilega virðingu.

Í ár voru veittar þrjár viðurkenningar í flokki fyrirtækja og stofnana, lögbýla og að auki var veitt viðurkenning fyrir fallega lóð.

Heiðrun Þorsteinsdóttir og Hermann Hæsson fengu viðurkenningu fyrir fallega og snyrtilega lóð að Hlíðartúni 14.

Fakkhusið fékk viðurkenningu í flokki fyrirtækja og stofnana fyrir vel hirta og snyrtilega lóð.

Gunnar Helgason og Hafdis Bergmannsdóttir að Stora-Ból fengu viðurkenningu fyrir fallegt og snyrtilegt lögbýli. Hornfirðingar eru hvattir til að taka fyrirnefnda aðila til fyrirmyndar, umhverfi og samfélagi til góða. Einnig eru íbúar hvattir til að senda inn tilnefningar til umhverfisviðurkenninga 2020 í haust.

Styrkir nefnda og bæjarráðs.

Alls bárust fjórtán umsóknir um Menningarstyrki, og eru þeir veittir félagsamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Eyranar Helgu að

með þessum styrkjum vilji nefndin hvetja og styrkja félagsamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar.

Eftirtalin félagsamtök hlutu styrk að þessu sinni:

Elde- og rokklúbbur Hornafjarðar, Gleðigleifar, Hornfirsku Skemmtifélagið, Karlaðakórinn, Jókuell, Kvinnaskórn Hornafjarðar, Leikfélag Hornafjarðar, Lafræsseit Hornafjarðar, Samkór Hornafjarðar, Heiðar Sigurðsson „Þú komst með jólin til mín“, Teresa María Rívarola „Fingralíkhús“, Vilhjálmur Magnússon „Vindás“, Félag Harmonikkunnenda, Félag áhugaséðs um myndlist og Barnastarfi Háfnarkirkju.

Frá fræðsku- og tómstundarnefnd fengu sex félagsamtök styrki en það voru: Hestamannafélagið Hornfirðingur, Klúfurfélag Örnafinga, Umf Sindri – raðþröttaleidd, Umf Sindri – fimleikadeild, foreldrafélag Sjonarholts og foreldrafélag Grunnskóla Hornafjarðar.

Bæjarráð veitti eftirtöldum styrki í ár: Karlaðakórinn Jókuell styrk til að halda Kötumót, sambands sunnlenskra Karlaðakóra, Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu, Hirðingjarnir og Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu.

Athöfnin var hátíðleg að vanda Unnur Birna og Björns Thor tóku lagið með hljómsveit sinni og Karlaðakórinn Jókuell tók vel valin lög undir stjórn Jóhanns Moreavek við undirleik Guðlaugar Hestnes.

Öllum styrk- og verðlaunahöfum er óskað til hamingju.

Furðuverur á Hrekkjavöku



Nicole Wolpher ásamt Elínu Ósk að lesa.

Laugardaginn 31. október, á Halloween, var á bókasafni Hafnar "opnuð" sýningin Fjölbjóðlegar furðuverur á Hrekkjavöku. Um er að ræða samstarfsverkefni MMH, fjölmenningsfulltrúa sveitarfélagsins og íbúa af erlendum uppruna. Fengnir voru sögumenn, íslenskir og útlendir, til að segja sögur af furðu- og yfirnátúrulegum verum eða öflum í sinni menningu og heimalandi. Frásagnirnar eru prentaðar og hanga uppi á vegg á frummálinu og íslensku, enska þýðingu er svo að finna í sýningaskrá sem enn sem komið er er óheimilt að handleika. "Opnunin" fór þannig fram að nokkrir þátttakenda komu og lasu sitt framlag og Elín Ósk Óskarsdóttir las íslensku þýðingarnar jafnóðum. Þessu var streymt á Facebooksíðu MMH.

Sýningin mun standa fram að aðventu og eru bókasafnsgestir hvattir til að berja hana augum um leið og virtar eru bæði fjöldataknarkanir og grimuskyldur.

Sögumenn eru:

Malgosia Reszczynska sem las fyrir hönd Joönnu Mörtu Skrzypkowsku og Amylee V. Da Silva Trindade sem las fyrir hönd föður síns. Nicole Wolpher frá Svíþjóð. Amor Joy Pepito Mantilla frá Filippseyjum. Beatriz Extrema Dura frá Spáni, Hildur Yr Ómarsdóttir frá Íslandi, Terezie Herodová frá Tékklandi og Tim Junge frá Hollandi.

Barnabókahöfundar lásu fyrir grunnskólanema



Gunnar Theódór, Yrsa Pöll og Bergrún Íris

Dagana 28. og 29. nóvember heimsóttu barnabókahöfundarnir Yrsa Pöll Gylfadóttir, Gunnar Theódór Eggertsson og Bergrún Íris Sævarsdóttir nemendur á grunn- og gagufæðaskólastigi.

Höfundarnir eru allir með nýjar bækur þessi jöl. Bergrún Íris með Töfralandið og Kennarann sem hvarf sporlaust, Gunnar Theódór með þriðju bókina um Galdra-Disu og Yrsa Pöll með fyrstu tvær bækurnar í seríunni Bekkurinn minn. Heimsóknin var í boði Menningarmiðstöðvarinnar en framkvæmdin í höndum starfsfólks skólanna. Vegna sérstakra aðstæðna fór lesturinn fram í Sindrabæ og kunnun við húsráðendum þar allar bestu þakkir.

Lesið var fyrir þrjá hópa og var húsfyllir á hverjum lestri.

Forn býli í landslagi

Hver þekkir bæjarheitið Butru eða Hellar? Líklega kannast fáir þeirra sem yngri eru við þau en margir af eldri kynslóðum Austur-Skaftfellinga hafa heyrt þeirra getið. Í Sveitarfélaginu Hornafirði eru mikil og merk ummerki um horfna byggð frá liðnum öldum. Ummerkin eru ýmsar tegundir jarðlægra minja, m.a. tóftir bæjarhúsa og annarra mannvirkja tengdum þeim. Þau eru vitnisburður um búsetu og mannlíf á umræddu svæði. Talið er að fjöldi slíkra bæjarminja í sveitarfélaginu sé allt að 100 talsins. Mörg eru langt utan alfararleiðar og því er vitneskjan um tilurð og umfang þeirra ekki mörgum ljós.

Fyrr á árinu hófu Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Þórbergssætur samstarf um skráningu hinna fornu býla, með að markmiði að vernda landfræðilega og sögulega þekkingu á búsetumínum, og gera byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu sýnilega. Á síðustu öldum bjuggu margir við aðstaður sem myndu þykja mjög óvenjulegar í samanburði við núverandi búsetuhætti. Fjölskyldur flæmdust á milli staða vegna ágangs jökla, jökulvatna, jökulhlaupa og annarra náttúruhamfara. Erfiðar aðstaður urðu til þess að fjölmörg býli og hjáleigur fóru í eyði.

Svarið við spurningunni hér í byrjun er að Butru og Hellar voru hjáleigur í landi Kálfafellsstaðar í Suðursveit. Búsetusaga þeirra er ekki að fullu kunn vegna óljósra heimilda en spannar fyrir vist tæp 200 ár. Hjáleigurnar voru farnar úr ábúð um miðja 19. öld eða fyrir allt að 170 árum síðan. Butru stóð sunnan undir Butruklettum, suðaustur frá Kálfafellsstað. Ekki er vitað um ábúendur í Butru fyrr en 1735 en í Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar frá 1708-1709 er Butru þá sögð í eyði síðustu 19 árin. Það staðfestir að búseta þar var hafin a.m.k. á 17. öld. Samfelld byggð var í Butru frá 1735 og fram til 1850. Meðal ábúenda á 19. öld voru hjónin Ingimundur Þorsteinsson og Helga Bjarnadóttir. Síðustu ábúendur voru feðgarnir Þorvarður Stefánsson og Steinn Þorvarðsson sem komu frá Hellum árið 1845. Þorvarður dó að Butru en Steinn flutti þaðan að Borgarhöfn árið 1849. Þar með lauk búsetusögu Butru og var hjáleigan lögð í eyði ári seinna.

Um 500 metrum suðaustan við Butrukletta eru Hellaklettur og sunnan undir þeim var hjáleigan Hellar. Hennar er getið í Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem ein af fimm hjáleigum Kálfafellsstaðar. Þær voru auk Butru og Hella, Svíri, Leiti og Brunnar. Um tíma var tvíbýli í Hellum en engar lýsingar eru um hvar það býli stóð í Hellalandinu. Elstu heimildir um búsetu í Hellum eru frá 1703 en ekki er hægt að útiloka að hún hafi hafist mun fyrr en það. Samfelld var hún frá árinu 1785 til ársins 1864. Síðasti ábúandinn var Steinn Þorvarðsson, sem kom aftur úr Borgarhöfn að Hellum og bjó þar síðustu tíu árin sem Hellar voru í byggð. Eftir það var Hellulandið og mannvirkin nýtt frá Kálfafellsstað.

Á þeim tíma sem búið var í þessum hjáleigum



Frá bæjarstæði Butru, nú er þar fjárrétt


voru búskaparhættir á Íslandi með allt öðrum brag en í dag. Húsakynnin voru torfbærir og baðstofan kynnt upp með ylnum frá kúnni sem stóð á bási sínum undir baðstofufugólfinu. Hesturinn var megin aflagjafinn við erfiðisvinnu hjá bændum enda dráttavélar ekki komnar til sögunnar. Fjárhús voru litil ef einhver voru en fjárborgir og fjárskjól algengari. Á sama tíma var veðráttan kaldari og jöklar í framrás, ekkert rafmagn og Ísland hafði ekki öðlast sjálfstæði. Læknisaðstoð var takmörkuð og barnadauði algengur.

Heimsókn í Butru

Það er gaman að rölta fram á Butruklettana og að fornum rústum sem eru þar undir. Húsaskipan í Butru er óþekkt, tóftirnar austast undir klettunum virðast vera gamlar og erfitt að átta sig á hlutverki þeirra. Fjárrétt var byggð ofan í bæjartóftina og hún því afmynduð og ekki hægt að átta sig á húsagerð eða bæjarskipan. Það hefði

vafalaust verið lærdómsríkt að mæta Ingimundi Þorsteinssyni (1794 – 1846) og konu hans Helgu Bjarnadóttur (1799 – 1849) á hlaðinu í Butru, í þann mund er þau voru að flytja þaðan burt um 1841, eftir þriggja ára búsetu. Þar yrðum við vitni að þungum örlögum þeirra og um leið rækilega minnt á strit forfeðranna, háð við erfiðar aðstaður og stundum náttúruhamfarir. Ingimundur bóndi hafði þá þegar búið á átta stöðum. Hann fæddist á Kálfafelli, ólst upp í Borgarhöfn, var vinnumaður á Felli, síðan bóndi í Fljótshverfi, á Hofi í Örafum og Steinum í Suðursveit, en flúði þaðan er grjótt hrpaði á bæinn. Byggði upp bæ á Sléttaleiti, bjó síðar á Reynivöllum en flutti í Butru 1838. Hann var bóndi á Skálafelli 1845 (sbr. kirkjubók) og lést úr mislingum í Svínafelli í Örafum, 51 árs að aldri. Helga kona hans var ein af 11 Skaftafellssýstrum og fylgdi hún Ingimundi frá Felli eftir að þau giftust vorið 1820. Hún dó þremur árum eftir lát Ingimundar, þá skráð 49 ára að aldri.

Áður en Ingimundur og Helga fluttu í Butru



Uppmælingar af minjum í Hellum, varpað á loftmynd.

höfðu þau eignast sex börn, þar á meðal Sigurð, síðar sýslunefndarmaður og hreppstjóri í Örafum, -forfaðir Kvískerjasystkina. Hann fæddist í öveðri undir steini í hlöðum Steinafjalls örlaganóttina 7. júlí 1829. Eftir þá nótt lagðist byggð í Steinum niður. Þau misstu fimm ára gamla dóttur, Ingunni á meðan þau bjuggu á Reynivöllum. Ógæfan hélt áfram að fylgja fjölskyldunni en soninn Bjarna misstu þau 11 ára gamlan, á fyrsta búskaparári í Butru. Guðný dóttir þeirra lést ári síðar 14 ára gömul. Rétt fjórum mánuðum seinna fæddist þeim drengur en hann dó tæplega árs gamall sumarið 1840. Kirkjubækur bera vitni um mikinn barnadauða um alla sveit á þessum tíma. Algeng skýring á dauða barna var innvortis mein en erfitt er að ráða í hvað það þýðir. Vafalítið ræð fátækt, skortur á hreinlæti og slæmur aðbúnaður miklu. Vatnslindir voru misjafnar á bæjum, ýmist brunnar eða vatn tekið úr opnum vatnsbólum eða lækjum þar sem búfænaður gekk líka um. Í ljósi þessa barnadauða í Butru leitum við eftir hvar neysluvatn fékkst, en urðum einskis visari. Þetta eru dæmi um sögur liðinna tíma og horfinna býla í sveitum Austur-Skaftafellssýslu en oft er ekkert eftir af sögunni nema tóftirnar. Íslenskar fornleifar eru að jafnaði ekki rismiklar og falla oft vel inn í landslagið en sumar eru mjög greinilegar og sjást langt að. Flestar minjar eru gerðar úr torfi og grjóti og ásýnd þeirra breytist á hundruðum ára. Á meðan sum mannvirkin eyðast og hverfa fyrir tilstilli náttúruaflanna, varðveitast önnur merkilega vel.

Í Hellum

Lítið er vitað um minjarnar undir Hellaklettum og búsetuform þar. Bæjarhúsin voru á skjólgóðum stað undir klettunum, tóftir þeirra þekkjast af því að vera stærstar þarna. Ofan í bæjartóftirnar voru einnig byggð fjárhús eða sauðahús með hlöðu eftir að búsetu lauk, líkt og í Butru og nytjuð frá Kálfafellsstað. Meðfram Hellaklettum liggja þrír myndarlega hlaðnir torfgarðar og er stutt á milli þeirra. Tóft með breiðum



Eftir að búsetu lauk í Hellum fengu bæjarhúsin nýtt hlutverk, sem fjárhús og hlaða

veggjum er þvers á milli fremri garðanna og virðist hafa verið þaklaus. Innsti garðurinn er líklega tungarður en hann liggur vestur fyrir tóftina af bæjarhúsunum. Hinir garðarnir eru styttri og liggja samhliða honum með 2 – 4 metra millibili. Engar heimildir finnast um þessa garða en hugsanlegt er að sá fremsti sé fiskigarður. Á honum hafi aflí úr sjóróðrum frá Bjarnahraunssandi verið þurrkaður. Ef til vill er tóftin milli garðanna eitthvað tengd því? Hafa þarf í huga þegar fornar tóftir eru kannaðar að fá hús á 18. og 19. öld hýstu búpening. Fjárhús þekktust ekki en sauðfé hafðist við í fjárborgum, skjólum eða hellum sem hlaðið var fyrir. Þó munu lambhús hafa verið heima við bæi. Suður af Hellaklettunum eru Sauðhúsatóftir sem voru fjárborgir eða sauðahús frá Kálfafellsstað. Þær eru dæmi um hlaðnar fjárborgir úr torfi sem ætlað var að skýla útigangsfé í hörðum veðrum. Slíkar borgir og fjárskjól finnast í öllu byggðarlaginu og eru margar ævafornar og því afar merkar minjar. Frá Hellaklettum og að borgunum hafa verið hlaðnar vörður úr torfi til að beina sauðamönnum rétta leið til gegninga í

dimnum vetrarveðrum. Liggur tvöföld röð af slíkum vörðum niður úr Hellalandinu.

Frá 1703 bjuggu í Hellum fátækir leiguliðar Kálfafellsstaðar, við þröngan kost og frumstað húsakynni. Tvíbýli var þar 1831 til 1857 en ekki þó samfellt. Hugsanlegt er að gömul tóft á lækjarbakkanum rétt sunnan Hellakletta hafi verið smábýli, þar eru ummerki um garð framan við tóftina sem getur verið merki um bæ frekar en útihús.

Áframhald skráningar

Samstarf Menningarmiðstöðvar og Þórbergssseturs byggist á að skrá þessi fornu býli með ítarlegum hætti. Í maí 2020 hófst undirbúningur og vettvangsvinna. Vegna umfangs verkefnisins er skráningu skipt í fimm hluta, eftir sveitum héraðsins. Byrjað var að skrá og ljósmynda öll forn býli í Suðursveit síðastliðið vor. Allar jarðlægar minjar sem heyra undir hvert býli, eru leitaðar uppi, mældar með staðsetningartæki, ljósmyndaðar og skráðar. Tóftum, garðlögum og öðrum mannvirkjum er lýst. Skráningu er nánast lokið í Suðursveit og á nýju ári verður haldið áfram að skrá í sveitarfélaginu.

Yfir verkefninu eru Sigríður Guðný Björgvinsdóttir, landfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Þorbjörg Arnórsdóttir og Fjölur Torfason frá Þórbergssetri. Þeim til aðstoðar hafa verið Anna Soffía Ingólfssdóttir fornleifafraðinemi, Kristinn Fjölunisson og Heiður Sigurðsson. Verkefnið verður kynnt almenningi á vormánuðum 2021 með ljósmyndasýningu ásamt opnun á nýrri vefsíðu. Hvetjum við alla sem hafa áhuga eða upplýsingar um forn bæjarstæði í sveitarfélaginu til að hafa samband, við Sigríði á Menningarmiðstöð eða Þorbjörgu á Þórbergssetri. Allar upplýsingar eru mikilvægt framlag í skráningu af þessu tagi.

Sigríður Guðný Björgvinsdóttir,
Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Þorbjörg Arnórsdóttir, Þórbergssetur, Hala í
Suðursveit



Minjar um þrjú sauðahús eru nedarlega í Hellalandi

Viðauki 6

Samningur

Samningur milli
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga,
Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar/Hornafjarðasöfn
og Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Menningarmiðstöð Hornafjarðar/Hornafjarðasöfn og sveitarfélagið Hornafjörður gera með sér eftirfarandi

Samning

um Menningarmiðstöð Hornafjarðar

1. gr. Aðilar

- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga kt. 480775-0159
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar kt. 550992-2489
- Sveitarfélagið Hornafjörður kt. 590169-4639

2. gr. Tilgangur

Tilgangur þessa samnings er að efla menningarmál og listastarfsemi með því að stuðla að uppbyggingu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar er menningarmiðstöð samkvæmt viljayfirlýsingu ríkisins og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem undirrituð var 24. júní 2011. Gert er ráð fyrir virku samstarfi við aðila innan fjórðungsins sem sinna menningarmálum.

3. gr. Hlutverk

Til að Menningarmiðstöð Hornafjarðar nái tilgangi sínum, skv. 2. gr. þessa samnings, eru samningsaðilar sammála um eftirfarandi:

- Menningarmiðstöð Hornafjarðar hafi yfir að ráða starfsmanni með þekkingu á menningarstarfi og listum. Verkefni starfsmannsins eru einkum tvíþætt.
 - Annars vegar að stjórna menningarmiðstöðinni og stuðla að listviðburðum og menningarverkefnum á hennar vegum.
 - Hins vegar að sinna og hafa frumkvæði að þróunarstarfi, fræðslu og þekkingaruppbyggingu. Gerð er grein fyrir helstu verkefnum þessa liðar í sérstökum viðauka.
- Á samningstímanum leggjur menningarmiðstöðin áherslu á að efla samstarf við skólastofnanir á svæðinu.
- Menningarmiðstöðin hefur samstarf við aðra aðila sem sinna menningarstarfi um skipulag og framkvæmd viðburða, ekki síst á sviði fræðslu.
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar stendur árlega fyrir skilgreindum list-/menningarviðburðum, sem gerð er grein fyrir sérstökum viðauka.
- Sveitarfélagið Hornafjörður og Menningarmiðstöð Hornafjarðar gera með sér samkomulag um aðra þætti reksturs menningarmiðstöðvarinnar.

4. gr. Fjármögnun

Á grunni viðauka I í samningi um Sónarætlun Suðurlands 2020-2024 sem undirritaður var 12. nóvember 2019 sl., af mennta- og menningarmálaráðherra,

MIA B.G.
EGHL

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formanni SASS, leggja Samtök sunnlenskra sveitarfélaga Menningarmiðstöð Hornafjarðar árlega til kr. 5,0 milljónir árin 2020-2024.

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur Menningarmiðstöð Hornafjarðar árlega til a.m.k. kr. 5 milljónir til rekstursins samkvæmt ramma fjárhagsáætlunar.

Greiðslum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga er skipt í fernt og skulu þær inntar af hendi 3. febrúar, 3. júní, 3. september ár hvert og lokagreiðsla skal innt af hendi þegar Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar hefur skilað ársskýrslu fyrir undangengið ár.

Greiðslum sveitarfélags Hornafjarðar koma til samkvæmt rekstraráætlun Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

Þessar greiðslur koma ekki í veg fyrir að Menningarmiðstöð Hornafjarðar geti sótt til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til sérstakra verkefna.

5. gr. Eftirlit með framkvæmd samningsins

Fyrir 1. nóvember ár hvert skulu stjórnarformaður og/eða starfsmaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, fulltrúi sveitarfélagsins og starfsmaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hald fund og ræða framkvæmd samningsins. Menningarmiðstöð Hornafjarðar skal skila Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga greinargerð um starfsemi síðasta árs og bráðabirgðaársreikningi fyrir aðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga ár hvert.

6. gr. Uppsögn samnings

Telji samningsaðili að hinir uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar skal gera skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan eins mánaðar. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt honum upp með 3 mánaða fyrirvara.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir fyrir árið 2020 til ársloka 2024 með heimild til framlengingar að loknu árangursmati og að því gefnu að samningur milli Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og ríkisins verði endurnýjaður sbr. 4. gr. þessa samnings.

8. gr. Ágreiningur

Rísi það alvarlegur ágreiningur um framkvæmd samningsins að hann verði ekki leystur nema með dómsmáli skal reka málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

in
Egill B.G.

Selfossi/Höfn, 25. ágúst 2020

f.h.
Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Bjarni Guðmundsson

f.h. Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Eyvin H. Evartsd.

f.h. Sveitarfélags Hornafjarðar

Matthildur Ásm.



Vitundarvottar:

Ragnheiður Þóskardóttir kt. 0104552869

Anna Margrét Ólafsd. kt. 150482-3569

Fylgigögn með samningnum:

Viðauki um skilgreind verkefni menningarmiðstöðvarinnar

Viðauki um skilgreind verkefni Menningarmiðstöðvarinnar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar á að eflast sem miðstöð menningar og stuðla að metnaðarfullu listalífi og fjölbreyttu mannlífi í sveitarfélaginu. Menningarmiðstöð skal veita góða þjónustu, styðja við hverskyns menningarstarf, varðveita menningararf héraðsins og gera hann sýnilegan á aðlaðandi hátt.

Helstu verkefni Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

- Hlúa að því öfluga og fjölbreytta menningarstarfi sem er til staðar í sveitarfélaginu og viðurkenna menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins.
- Stuðla að varðveislu og rannsóknum menningarminja í byggðarlaginu.
- Skipulag menningarmála sé skýrt.
- Stjórnun menningarmála sé markviss.
- Efla vitund fólks um sérkenni og menningararf héraðsins og halda þeim sérkennum við með fræðslu og kynningu.
- Styður við fjölbreyttum viðburðum og hátíðum í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- Að byggja upp skapandi atvinnustarfsemi á Hornafirði í samstarfi við skóla og frumkvöðla.
- Skapa forsendur fyrir nýsköpun í menningarstarfsemi og styrkja tengsl milli menningar og ferðaþjónustu.
- Að setja upp a.m.k þrjár myndlistasýningar á ári í Listasafni Svavars Guðnasonar.
- Að stuðla að því að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu.
- Stuðla að uppbyggingu þjónustuhúsnæðis fyrir Menningarmiðstöð og stofnanir hennar.
- Vinna að framtíðaruppbyggingu gamla hafnarsvæðisins sem safna- og ferðaþjónustusvæðis.
- Vera þátttakandi í samstarfi og stefnumótun sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál.
- Gera samninga við stofnanir, félög og einstaklinga um menningarstarfsemi í sveitarfélaginu þar sem það á við.
- Vinna áfram að þróun samstarfs sveitarfélaga í menningarmálum.
- Efla áhuga ungs fólks á menningu og menningararfi, m.a í samstarfi við skóla og vinnuskóla.

Míð
ECHO BG.

Viðauki 7

Fjárhagur

Fjárhaður - Aðalbók

Málaflokkar: Rekstur/Efnahagur: Rekstrarreikningur

Deildir: Málaflokkur, víddarkóti: 05

Tímabil: 01.01.19 til 31.12.19

Númer	Heiti	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	%		
0500	Menningarmál	79.848.438	80.263.010	414.572	99%	0	0%
0501	Menningarmálanefnd	2.172.912	1.945.539	-227.373	112%	0	0%
	0501-1610 Nefndarlaun	1.670.945	1.574.441	-96.504	106%	0	0%
	0501-1800 Launatengd gjöld	0	257.238	257.238	0%	0	0%
	0501-1810 Tryggingagjald	131.701	0	-131.701	999%	0	0%
	0501-1820 Lífeyrissjóður mótframlag	135.344	0	-135.344	999%	0	0%
	0501-4180 Bifreiðastyrkir	190.848	13.860	-176.988	1377%	0	0%
	0501-9990 Annar rekstrarkostnaður	44.074	100.000	55.926	44%	0	0%
0531	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	65.762.872	68.917.471	3.154.599	95%	0	0%
	0531-0510 Seldar vörur	0	-20.000	-20.000	0%	0	0%
	0531-0511 Skaftfellingur sala	5.500	-500.000	-505.500	-1%	0	0%
	0531-0550 Seld þjónusta	-1.200.000	-1.200.000	0	100%	0	0%
	0531-0570 Afnotagjöld	-107.095	-30.000	77.095	357%	0	0%
	0531-0860 Styrkir	-6.915.000	-5.500.000	1.415.000	126%	0	0%
	0531-0890 Aðrar tekjur	0	-50.000	-50.000	0%	0	0%
	0531-1110 Mánaðarlaun	38.185.962	39.008.803	822.841	98%	0	0%
	0531-1800 Launatengd gjöld	1.141.800	9.470.668	8.328.868	12%	0	0%
	0531-1810 Tryggingagjald	2.855.464	0	-2.855.464	999%	0	0%
	0531-1820 Lífeyrissjóður mótframlag	5.024.303	0	-5.024.303	999%	0	0%
	0531-1960 Kaffistofa starfsfólks	165.711	200.000	34.289	83%	0	0%
	0531-1980 Annar Starfsmannakostnaður	71.168	100.000	28.832	71%	0	0%
	0531-2030 Ritföng og bréfabindi	457.937	400.000	-57.937	114%	0	0%
	0531-2040 Ljósritunarpappír	0	50.000	50.000	0%	0	0%
	0531-2070 Bækur á bókasafn	2.787.167	2.000.000	-787.167	139%	0	0%
	0531-2080 Tóner	0	50.000	50.000	0%	0	0%
	0531-2180 Hreinlætisvörur	6.190	20.000	13.810	31%	0	0%
	0531-4010 Prentun, fjölritun, ljósritun,	16.807	300.000	283.193	6%	0	0%
	0531-4020 Áskrift af netþjónustu	1.588.203	1.700.000	111.797	93%	0	0%
	0531-4030 Sími og fjarskiptaþjónusta	627.105	600.000	-27.105	105%	0	0%
	0531-4050 Póstburðargjöld	176.333	150.000	-26.333	118%	0	0%
	0531-4070 Auglýsingar	471.166	500.000	28.834	94%	0	0%
	0531-4080 Félagsgjöld / Skaftfellingur	16.000	0	-16.000	999%	0	0%
	0531-4090 Styrkhæf sérverkefni	0	1.500.000	1.500.000	0%	0	0%
	0531-4120 Akstur og flutningar	37.937	150.000	112.063	25%	0	0%
	0531-4180 Bifreiðastyrkir	122.540	33.000	-89.540	371%	0	0%
	0531-4240 Fargjöld og dvalarkostnaður	744.265	500.000	-244.265	149%	0	0%
	0531-4270 Námskeið	39.600	300.000	260.400	13%	0	0%
	0531-4310 Lögfræðiaðstoð, málkostnaður	12.025	0	-12.025	999%	0	0%
	0531-4340 Sérfræðiþjónusta m/vsk	0	150.000	150.000	0%	0	0%

Fjárhaður - Aðalbók

Málaflokkar: Rekstur/Efnahagur: Rekstrarreikningur

Deildir: Málaflokkur, víddarkóti: 05

Tímabil: 01.01.19 til 31.12.19

Númer	Heiti	Rauntölur	Áætlun	Mismunur	%		
	0531-4381 Fornleifar og forvarsla	0	170.000	170.000	0%	0	0%
	0531-4390 Tölvuþjónusta	759.626	800.000	40.374	95%	0	0%
	0531-4420 Húsaleiga	390.000	0	-390.000	999%	0	0%
	0531-4430 Reiknuð húsaleiga m.v.reglur	12.445.152	12.605.000	159.848	99%	0	0%
	0531-4510 Rafmagn	855.506	1.350.000	494.494	63%	0	0%
	0531-4550 Bensín og olíur	17.221	0	-17.221	999%	0	0%
	0531-4620 Viðhald húsa	7.500	0	-7.500	999%	0	0%
	0531-4660 Viðhald áhalda og tækja	170.081	200.000	29.919	85%	0	0%
	0531-4700 Vátryggingar	273.046	250.000	-23.046	109%	0	0%
	0531-4720 Heilbrigðis og eftirlitsgjöld	0	50.000	50.000	0%	0	0%
	0531-4960 Þvottur og hreinsun efna	72.778	80.000	7.222	91%	0	0%
	0531-4990 Aðkeypt vinna og þjónusta	120.396	480.000	359.604	25%	0	0%
	0531-6620 Þátttaka í rekstri Nýheima	2.600.004	2.600.000	-4	100%	0	0%
	0531-8510 Áhöld, leiktæki og kennslutæki	902.442	0	-902.442	999%	0	0%
	0531-9990 Annar rekstrarkostnaður	818.032	450.000	-368.032	182%	0	0%
0551	Listir og sýningar	4.017.027	2.600.000	-1.417.027	155%	0	0%
	0551-4030 Sími og fjarskiptaþjónusta	33.460	0	-33.460	999%	0	0%
	0551-4050 Póstburðargjöld	20.317	0	-20.317	999%	0	0%
	0551-4070 Auglýsingar	22.320	0	-22.320	999%	0	0%
	0551-4120 Akstur og flutningar	28.779	0	-28.779	999%	0	0%
	0551-4240 Fargjöld og dvalarkostnaður	203.321	0	-203.321	999%	0	0%
	0551-4370 Sérfræðiþjónusta	161.721	0	-161.721	999%	0	0%
	0551-4700 Vátryggingar	-2.314	0	2.314	999%	0	0%
	0551-4990 Aðkeypt vinna og þjónusta	964.862	0	-964.862	999%	0	0%
	0551-8510 Áhöld, leiktæki og kennslutæki	7.590	0	-7.590	999%	0	0%
	0551-9250 Styrkur til menningarmála	212.630	2.600.000	2.387.370	8%	0	0%
	0551-9990 Annar rekstrarkostnaður	2.364.341	0	-2.364.341	999%	0	0%
0570	Hátiðarhöld	5.295.627	4.200.000	-1.095.627	126%	0	0%
	0570-4070 Auglýsingar	142.090	0	-142.090	999%	0	0%
	0570-4450 Vélavinna áhaldahús	294.480	0	-294.480	999%	0	0%
	0570-4990 Aðkeypt vinna og þjónusta	3.806.848	4.200.000	393.152	91%	0	0%
	0570-6130 Daglaunavinna millifærð	386.694	0	-386.694	999%	0	0%
	0570-9990 Annar rekstrarkostnaður	665.515	0	-665.515	999%	0	0%
0581	Ýmsir styrkir og framlög	2.600.000	2.600.000	0	100%	0	0%
	0581-9250 Styrkur til menningarmála	2.600.000	2.600.000	0	100%	0	0%
		79.848.438	80.263.010	414.572		0	